# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

280. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 28. NÓVEMBER 2017




Þingflokkar þeirra flokka sem eru í stjórnarmyndunarviðræðum funduðu allir í gær. Fyrsta stjórnin sem bæði Sjálfstæðisflokkurinn og VG eiga aðild að virðist ætla að verða að veruleika. Sjálfstæðismennirnir Birgir Ármannsson og Kristján Þór Júlíusson hafa haft um margt að tala. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fréttablaðið í dag


**SPORT** Grátlegt tap fyrir Búlgörum. 14

**LÍFIÐ** Gunnar Ben, hljómborðsleikari Skálmaldar, rannsakaði klósettaðstöðu rokkara á tónleikaferðalagi. 26




**PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Kvarta yfir núðlulykt

**SAMFÉLAG** Nágrannar Noodle Station við Laugaveg 103 eru ósáttir við lyktarmengun frá veitingastaðnum. Íbúðir fyrir ofan staðinn eru leigðar út til ferðamanna sem kvarta. Eiganda Noodle Station grunar að loftræstikerfið virki ekki sem skyldi.

„Ég er búinn að tala við Reykjavíkurborg um að fá teikningar af húsinu til að sjá hvar þessar lagnir eru og hvort loftræstikerfið sé að virka eins og það á að gera,“ segir Charin Thaiprasert. – smj / sjá síðu 2

## Óhóflegt álag á starfsmenn barnaverndar

**SAMFÉLAG** Þörf er á að fjölga starfsfólki barnaverndarnefnda um land allt samhliða auknu álagi á þær, að mati forstjóra Barnaverndarstofu. „Starfsálagið á barnaverndarstarfsmenn hefur aukist gífurlega,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu. Sérhver barnaverndarnefnd þurfi að leggjast yfir málið og meta fyrir sig. – joe / sjá síðu 4

# Katrín Jakobsdóttir fær umboð frá forseta í dag

**Skiptingu ráðuneyta milli flokkanna sem eru í stjórnarmyndunarviðræðum er ekki lokið. Stjórnarandstöðuflokkunum verður líklega boðin formennska í þremur nefndum. Samstaða um að Steingrímur J. Sigfússon verði þingforseti.**

**STJÓRNMÁL** Katrín Jakobsdóttir heldur á fund forseta í dag og tekur við umboði til að mynda ríkisstjórn. Þótt fyrir liggi drög að málefnasamningi flokkanna sem stefna að myndun ríkisstjórnar er enn mikið verk fyrir höndum og margt sem enn er óráðið bæði um stjórnina og kosningu í ýmis lykilembætti þingsins. Skipting ráðuneyta liggur ekki endanlega fyrir en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu formenn flokkanna eiga fundi með hverjum og einum þingmanni sínum í dag til að ræða skipun ráðuneyta og ráðherraefni flokksins.

Einnig er eftir að leggja drög að skipun fastanefnda þingsins enda liggur fyrir hvort stjórnin hefur 35 eða 33 þingmenn að baki sér, en eins og kunnugt er hafa Andrés Ingi Jónsson og Rósa Björk Brynjólfsdóttir verið mjög efins um samstarf flokkanna og greiddu atkvæði gegn því að VG færi í viðræður um myndun þeirrar ríkisstjórnar sem nú er í fæðingu.

> **Oddvitar verðandi stjórnarflokka hafa lagt til við formenn annarra flokka að minnihlutinn hafi formennsku í þremur nefndum.**

Oddvitar verðandi stjórnarflokka hafa lagt til við formenn annarra flokka að flokkarnir í minnihluta hafi formennsku í þremur nefndum: stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, velferðarnefnd og umhverfis- og samgöngunefnd. Formennska þessara nefnda fer því til Miðflokksins, Samfylkingar og Pírata nema um annað verði samið. Ekki liggur heldur fyrir hvernig forsætisnefnd verður skipuð, að öðru leyti en því að Vinstri græn hreppa embætti forseta þingsins fyrir Steingrím J. Sigfússon. Um það mun vera orðin samstaða samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Formennirnir þykja halda spilum mjög þétt að sér og þingmenn flokkanna hafa enn ekki fengið að sjá heildarmyndina. Málefnasamningurinn verður kynntur flokksráðs- og miðstjórnarfulltrúum flokkanna á miðvikudaginn en liggja mun fyrir á miðvikudagskvöld hvort málefnasamningur og skipting ráðuneyta verður samþykkt af þessum stofnunum flokkanna. Fari svo verða ráðherraefnin kynnt á fimmtudag. Gangi allt eftir eins og stefnt er að verður ný ríkisstjórn skipuð á Bessastöðum strax á fimmtudag.

Auk þess að reka smiðshöggið á nýja ríkisstjórn og skipa í lykilstöður þingsins, þarf hin nýja stjórn að smíða fjárlög í miklu snatri en stefnt er að því að þing verði sett 15. desember. – aá




## Veður




Áfram norðlæg átt í dag og kalt í veðri með dálítlum éljum norðanlands, en bjart syðra. Þykknar upp vestan til og hlýnar heldur þar.

SJÁ SÍÐU 18

## Kuldaboli í Reykjavík



**Það var kalt en fallegt í Vatnsmýrinni í gær. Það má reikna með að áfram verði kalt. Búist er við hægri, austlægri átt í dag og frosti á bilinu 3 til 8 gráður í dag. Veðurstofan gerir ráð fyrir því á morgun verði hitinn víða kominn upp fyrir frostmark og svo verði fram að helgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Lést í slysi á Miklubraut

**SLYS** Maðurinn sem lést í umferðarslysi á Miklubraut í Reykjavík á laugardagsmorgun hét Sebastian Dariusz Bieniek. Hann var 24 ára og pólskur ríkisborgari. Slysið varð þegar bíllinn lenti utan í vegriði.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og rannsóknarnefnd samgönguslysa rannsaka tildrög slyssins.

Lögreglan biður þá sem kunna að hafa orðið vitni að slysinu að hafa samband í síma 444 1000, en einnig má senda upplýsingar í tölvupósti á netfangið gudmundur.pall@lrh.is eða í einkaskilaboðum á Facebooksíðu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Fréttastofa RÚV greindi frá því í gær að Vegagerðin ætlar að fjarlægja teinagirðingar sem eru meðfram götum á höfuðborgarsvæðinu eftir slysið. – jhh

## Fyrsta áætlunin um loftgæði

**UMHVERFISMÁL** Stefnt er að því að fækka árlegum ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar á Íslandi í fyrstu almennu áætluninni um loftgæði, sem gefin hefur verið út. Áætlunin ber heitið Hreint loft til framtíðar.

Að auki er stefnt á að fækka árlega þeim dögum þar sem svifryk fer yfir skilgreind heilsufarsmörk af völdum umferðar úr 7 til 20 niður í engan fyrir árslok 2029 og að ársmeðaltal brennisteinsvetnis verði áfram undir skilgreindum mörkum.

Síðast í gær gaf Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur út viðvörun um að loftgæði í Reykjavík væru slæm í nágrenni við umferðargötur. – jhh

**Stefnt er á að fækka þeim dögum þar sem svifryk fer yfir skilgreind heilsufarsmörk úr 7 til 20 niður í 0.**

## Facebook vill fyrirbyggja sjálfsmorð

**TÆKNI** Facebook tilkynnti í gær um nýja gervigreindartækni sem ætlað er að skanna innlegg á miðlinum og greina hvort sá sem heldur um penna sé í sjálfsvígshugleiðingum. Tæknin byggir á því að skynja mynstur eða myndbönd þar sem slíkt kemur fram.

Í tilkynningunni segir að ummæli á borð við „Er allt í lagi?“ eða „Get ég hjálpað?“ sem sett eru við innlegg gætu bent til þess að innleggsritari sé í sjálfsvígshugleiðingum.

Tæknin hefur nú þegar verið prufukeyrð í Bandaríkjunum. Til stendur að opna á þessa tækni fyrir notendur Facebook í öðrum ríkjum. Ef gervigreindin verður vör við sjálfsvígshugleiðingar er sérþjálfuðum starfsmönnum Facebook gert viðvart. Þeir hringja svo mögulega í yfirvöld þar sem notandi býr til þess að gera þeim viðvart. – þea

# Nágrannar ósáttir við afgerandi núðlulykt

**Nágrannar Noodle Station við Laugaveg 103 eru ósáttir við lyktarmengun frá veitingastaðnum. Íbúðir fyrir ofan staðinn eru leigðar út til ferðamanna sem kvarta. Eiganda Noodle Station grunar að loftræstikerfið virki ekki sem skyldi.**

**SAMFÉLAG** „Vandamálið er lyktin. Þó mér finnist núðlur mjög góðar er ég ekki viss um að kúnnar sem borga fullt af peningum fyrir að koma til Íslands séu hrifnir af að hafa þessa lykt yfir sér,“ segir Jón Fannar Karlsson Taylor, eigandi Caze Reykjavík Central Luxury Apartments, á Laugavegi 103. Hann segir afgerandi lykt sem leggur frá taílenska veitingastaðnum Noodle Station á jarðhæð hússins koma niður á gistiþjónustunni sem rekin er í íbúðunum fyrir ofan. Viðskiptavinir hans kvarti yfir þessu og það komi niður á einkunnagjöf á netinu. Eigandi Noodle Station telur að loftræstikerfi hússins virki ekki sem skyldi.

Jón Fannar er með íbúðir til útleigu á annarri hæð hússins, þar af eina beint fyrir ofan Noodle Station, og segir að lyktin valdi gestum óþægindum.

„Í logni og kulda eins og nú er, þá er eins og maður sé staddur inni á veitingastaðnum og þetta hefur veruleg áhrif á gesti mína. Ég hef fengið töluvert af kvörtunum yfir því hversu sterk lyktin er, bæði á stigaganginum og í íbúðunum.“

Jón Fannar segir að hvorki opnun staðarins né uppsetning á skilti veitingastaðarins utan á húsið hafi verið borin undir húsfélagið og kvartanir eigenda hafi engu skilað.

Að sögn Jóns Fannars eru fimmtán íbúðir í húsinu fyrir ofan veitingastaðinn og nær allar í útleigu til ferðamanna.

„Þetta hefur áhrif á alla. Við erum til dæmis skráð á booking.com og þetta hefur áhrif á einkunnirnar sem við fáum og þá viðskipti okkar í framtíðinni.“



**Noodle Station var opnað á Laugavegi 103 fyrir um ári. Eigendur íbúðanna fyrir ofan eru ósáttir við sterka lykt frá staðnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Það er loftræstikerfi í húsinu en það er spurning hvort þetta sé rétt tengt.**

Charin Thaiprasert, eigandi Noodle Station



Charin Thaiprasert, eigandi Noodle Station, segir að grunur leiki á að loftræstingin í byggingunni virki ekki sem skyldi.

„Ég er búinn að tala við Reykjavíkurborg um að fá teikningar af húsinu til að sjá hvar þessar lagnir eru og hvort loftræstikerfið sé að virka eins og það á að gera. Það er loftræstikerfi í húsinu en það er spurning hvort þetta sé rétt tengt.“

Charin segir að á Noodle Station finnist einnig matarlykt frá öðrum eldhúsum í byggingunni. „Við finnum lyktina í hádeginu frá hótelinu yfir til okkar, við viljum það ekki heldur. Þetta er bara eitthvað sem þarf að skoða.“ mikael@frettabladid.is

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar

Kerfisloftalampar



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM




**FÁGAÐUR AURIS Á FRÁBÆRU VERÐI**

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu. Auris er með ríkulegum staðalbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.


**Fá börn ættleidd.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Ættleiðingum fer fækkandi

**SAMFÉLAG** Ættleiðingar hér á landi voru 32 talsins í fyrra og hafa ekki verið jafn fáar frá árinu 1995. Ættleiðingum hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 2005. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofunni.

Alls voru tólf frumættleiðingar að utan en flest börnin komu frá Tékklandi. Undanfarin ár hafa flest ættleidd börn komið frá Kína. Með frumættleiðingu er átt við ættleiðingu á barni sem er ekki barn maka umsækjanda. Frumættleiðingar innanlands voru þrjár talsins.

Stjúpættleiðingar voru óvenju fáar eða sautján talsins. Þær voru 28 árið 2015 en voru flestar árið 2008 þegar alls 48 stjúpættleiðingar áttu sér stað. Með stjúpættleiðingu er átt við ættleiðingu á barni, eða kjörbarni, maka umsækjanda um ættleiðingu. – jóe

## Ætla að byggja 75 nýjar íbúðir

**AKUREYRI** Viljayfirlýsing um samstarf Akureyrar og Bjargs íbúðafélags vegna uppbyggingar 75 nýrra íbúða var undirrituð í gær. Bærinn veitir félaginu 12 prósenta stofnframlag til byggingar íbúðanna á Akureyri á næstu þremur árum. Bærinn hefur gefið vilyrði um úthlutun á lóð að Guðmannshaga 2 fyrir minnst 18 íbúðir. – jhh

## Illa haldnir á löngu ferðalagi

**KÍNA** Myndir af tveimur kínverskum drengjum sem ferðuðust 80 kílómetra á undirvagni rútu hafa vakið mikla reiði og spurningar um velferð utangarðsbarna í Kína.

Drengirnir eru frá fátæku þorpi í Guangzi. Þeir voru að reyna að hafa uppi á foreldrum sínum sem vinna í Guangdong-héraði. Kennari þeirra lýsti eftir þeim 23. nóvember. Þeir fundust sama dag haugdrullugir á undirvagni bílsins á rútubílastöð.

Á vef BBC kemur fram að drengirnir hafi verið átta eða níu ára gamlir. – jhh

# Ekki bótaskylt að mismuna á grundvelli kynferðis

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var í gær sýknað af miskabótakröfu æðaskurðlæknis sem taldi að honum hefði verið synjað um starf yfirlæknis á Landspítalanum sökum kynferðis síns.

Starfið var auglýst árið 2012 og sóttu þrír um stöðu yfirlæknis æðaskurðlækninga, tveir karlar og ein kona. Samkvæmt mati stöðunefndar Landlæknis voru allir umsækjendur hæfir. Að endingu var konan, 41 árs gömul með fimm ára sérfræðitíma í æðaskurðlækningum, ráðin. Hún var á þeim tíma starfandi yfirlæknir deildarinnar.

Sú niðurstaða var kærð til kærunefndar jafnréttismála sem komst að þeirri niðurstöðu að Landspítalinn hefði brotið gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Sú niðurstaða var síðar staðfest í héraðsdómi og Hæstarétti.

Í mati stöðunefndarinnar um stefnanda málsins sagði að maðurinn væri 51 árs gamall sérfræðingur sem hefði náð hámarkssérfræðitíma sem nefndin mæti. Þá hefði hann


**Deilt hefur verið um ráðninguna frá því árið 2012.** NORDIC PHOTOS/GETTY

verið nokkuð virkur við vísindastörf, hefði áður verið settur yfirlæknir deildarinnar í tvö ár og hefði nokkra stjórnunarreynslu þess utan.

Héraðsdómur féllst á að manninum hefði verið synjað um starfið á grundvelli kynferðis. Hins vegar var ekki fallist á að sú ákvörðun hefði svert starfsferil hans, valdið honum tjóni eða miska. Þeirri málsástæðu að einn af þeim sem sá um starfsviðtölin hefði verið meðmælandi kvenlæknisins, var ekki hleypt að. Hún kom of seint fram fyrir dómi. – jóe

# Álag á barnaverndarstarfsfólk óhóflegt miðað við önnur lönd

**Tilkynningum til barnaverndarnefnda fer fjölgandi ár frá ári. Fjöldi tilkynninga segir lítið um aðstæður barna. Aukningin hefur aukið álag í för með sér á þá sem starfa í málaflokknum en mikil vinna getur farið í hvert mál fyrir sig. Forstjóri Barnaverndarstofu segir þörf á að skoða hvort rétt sé að fjölga starfsfólki.**

**SAMFÉLAG** Þörf er á að fjölga starfsfólki barnaverndarnefnda um land allt samhliða auknu álagi á þær að mati forstjóra Barnaverndarstofu. Tilkynningum á fyrstu níu mánuðum ársins fjölgaði um tæp tíu prósent miðað við sama tímabil í fyrra.

„Starfsálagið á barnaverndarstarfsmenn hefur aukist gífurlega,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu.

„Ég tel að hver barnaverndarnefnd fyrir sig þurfi að leggjast yfir málið og meta það hver í sínum ranni. Þörfin á fjölgun er mismikil eftir sveitarfélögum en heilt yfir þarf að bæta í til að ekki sé gengið of nærri því fólki sem hjá nefndunum starfar.“

Frá upphafi árs til loka september bárust alls 7.292 tilkynningar inn á borð stofnunarinnar. Tilkynningum fjölgaði meira á höfuðborgarsvæðinu, um rúm ellefu prósent, en á landsbyggðinni þar sem aukningin nam rétt rúmum sex prósentum.

Sé þetta ár borið saman við árið 2015 kemur í ljós að ábendingum hefur fjölgað um tæp fimmtán prósent. Bragi segir fyrirséð að fjöldi tilkynntra mála í ár fari yfir 10 þúsund. Hann segir þó að setja verði þann fyrirvara að fjöldi tilkynninga sé enginn mælikvarði á aðbúnað barna og þurfi ekki að endurspegla erfiðari aðstæður.

„Ef við lítum á þá þróun sem hefur verið undanfarin ár, þá er þetta hægt og bítandi jöfn fjölgun hin síðari ár. Ég tel að það endurspegli fyrst og fremst aukna almenna vitund um þessi mál. Því ber að fagna,“ segir Bragi.


**Bragi Guðbrandsson telur að fjölgun tilkynninga megi rekja til meiri vitundar um málaflokkinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sískráningakerfi um tilkynnt tilvik var komið á fyrir um áratug en fram að því hafði verið stuðst við ársskýrslur hverrar nefndar fyrir sig. Þær liggja yfirleitt fyrir á vormánuðum. Í þeim er að finna ítarlegri og nákvæmari sundurliðun á eðli og alvarleika hverrar tilkynningar fyrir sig.

Samkvæmt bráðabirgðatölunum vörðuðu flestar tilkynningarnar meinta vanrækslu gegn börnum eða tæplega fjórar af hverjum tíu. Þriðjungur tilkynninga varðaði áhættuhegðun barna og fjölgar lítillega milli ára. Þá snúa rúmlega 27 prósent tilkynninga að ofbeldi gegn barni og tæpt prósent tengist því að heilsu eða lífi barns sé stefnt í hættu. Flestar tilkynningar til barnaverndarnefnda bárust frá lögreglunni, eða 44 prósent.

„Tilkynningarnar eru auðvitað miklu fleiri en börnin sem búa þeim að baki. Slíkt er ekki unnt að lesa úr þessum tölum en það er engu að síður ljóst að það er gífurleg aukning milli ára. Við höfum verið að bera okkur saman við önnur ríki og það eru ýmsar upplýsingar sem gefa til kynna að álagið á starfsfólki um land allt sé óhóflegt,“ segir Bragi.

„Þessi þróun er athyglisverð og áskorun til stjórnvalda, og okkar allra, að bregðast við henni.“

johannoli@frettabladid.is







The Power to Surprise

## 58 km drægni – einn af mörgum kostum Niro

**Kia Niro PHEV** er aflmikill bíll með karakter jepplings, umhverfismildur og áreiðanlegur. Hann leitast alltaf við að keyra á rafmagni, hefur 58 km drægni og eyðir því aðeins frá 1,3 l/100 km í blönduðum akstri. Kia Niro er dugmikill rafbíll á frábæru verði og honum fylgir að sjálfsögðu hin einstaka 7 ára ábyrgð.

**Komdu í Öskju og reynsluaktu Kia Niro. Við tökum vel á móti þér.**

Kia Niro Hybrid, sjálfskiptur, á verði frá:

**3.890.777 kr.**

Verð áður 4.190.777 kr.

*Takmarkaður fjöldi

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

## Lægri útgjöld til rannsókna

**VÍSINDI** Útgjöld til rannsókna og þróunar árið 2016 mældust 2,08 prósent af vergri landsframleiðslu á Íslandi. Er það lækkun frá árinu 2015 þegar þetta hlutfall var 2,17 prósent, segir á vef Hagstofunnar. Nýútgefnar bráðabirgðatölur Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, leiða í ljós sambærilegar sveiflur á milli ára í Skandinavíu. Ísland er áfram yfir meðaltali Evrópusambandsins sem er 2,03 prósent, óbreytt á milli ára. – jhh



Tóbaksfyrirtæki fá ekki lengur lán hjá frönskum banka. NORDICPHOTOS/GETTY

## Banki snýr bakinu við tóbaksrisum

**FRAKKLAND** Franski bankinn BNP Paribas ætlar að hætta viðskiptum við fyrirtæki í tóbaksiðnaðinum. Þetta kemur fram á vefnum FinansWatch sem vitnar í frétt Bloomberg.

Haft er eftir fulltrúa bankans að ákveðið hafi verið að hætta viðskiptum við fyrirtæki sem framleiða vörur sem eru skaðlegar heilsunni. Staðið verði þó við gerða samninga við núverandi viðskiptamenn.

Með þessari ákvörðun fetar bankinn í fótspor tryggingasamsteypunnar AXA og Bank of New Zealand.

Bent er á að BNP Paribas eigi enn í viðskiptum við fyrirtæki innan atvinnugreina sem gagnrýndar hafa verið út frá siðferðislegum sjónarmiðum, eins og vopnaframleiðendur. – ibs

## Háskóli Íslands í hópi 200 bestu

**MENNTUN** Háskóli Íslands er í 176. til 200. sæti yfir bestu háskóla heims á sviði raunvísinda á lista sem tímaritið Times Higher Education birti í gær. Með því hefur skólinn komist á sex lista tímaritsins yfir fremstu háskóla heims á afmörkuðum fræðasviðum í haust.

Við mat á frammistöðu háskóla á sviði raunvísinda horfir Times Higher Education til árangurs á sviði stærðfræði, tölfræði, eðlisfræði, stjarneðlisfræði og efnafræði en einnig jarðvísinda, umhverfisfræði og haffræði. – jhh

# Vilja pólskt starfsfólk í ódýrum búðum sem skilað geti hagnaði

**Starfsmannaleiga sem sérhæfir sig í innflutningi frá Póllandi segir útlendinga ekki vilja eyða meginhluta launa í húsnæði. Lausnin sé ódýrar starfsmannabúðir sem þess utan geti fært Mosfellsbæ auknar tekjur án útgjalda á móti. Líka erfitt fyrir Íslendinga á lágmarkslaunum að greiða ofurleigu, segir formaður Eflingar.**



Somos vill fá sínar starfsmannabúðir við hlið slíkra búða sem Ístak rekur á Tungumelum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÉLAGSMÁL** Félagið Somos, sem óskar eftir að því að fá stöðuleyfi fyrir starfsmannabúðir undir erlenda starfsmenn í Mosfellsbæ, segir það munu skila bænum útsvarstekjum án mikilla útgjalda á móti og létta á húsnæðismarkaði sem sé mjög erfiður.

Fram kemur í bréfi Somos til Mosfellsbæjar að félagið hafi verið starfrækt frá því í fyrra. Það hafi milligöngu um að útvega erlenda starfsmenn. Það selji aðallega þjónustu pólska félagsins Yabimo sem eigi dótturfélagið Yabimo ehf. Það sé skráð sem starfsmannaleiga hjá Vinnumálastofnun.

„Félagið hefur frá upphafi lagt metnað sinn í að erlendir starfsmenn njóti allra sömu kjara og íslenskir starfsmenn og lögum og reglum sé fylgt í hvívetna,“ segir í bréfi sem undirritað er af Eiríki Ingvari Ingvarssyni framkvæmdastjóra og Magnúsi Pálma Skúlasyni, formanni stjórnar Somos.

Segja þeir Somos-menn mjög erfitt að fá húsnæði á Íslandi, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu. „Ástæða þess að erlendir starfmenn eru tilbúnir að koma til Íslands er sú að laun hér eru mun hærri en til að mynda í Póllandi. Þannig getur til dæmis smiður haft hér um það bil fjórföld þau laun sem hann hefur þar,“ skrifa Eiríkur og Magnús.

Þá segir að til að fólk fáist til Íslands þurfi að bjóða því viðunandi húsnæði á hagkvæmu verði. „Fyrir liggur að erlendur starfsmaður er ekki tilbúinn að eyða meginhluta tekna sinna í húsnæði, því þarf að vera hægt að bjóða húsnæði á sem lægstu verði,“ er útskýrt í bréfinu.

Athygli vekur að á sama tíma og erlendu starfsmennirnir eru þannig sagðir fá sömu laun og Íslendingar þá sætti þeir sig ekki við að greiða sömu húsaleigu og íslenskum starfsfélögum þeirra stendur til boða á almennum markaði.

„Mér hefur sýnst að þeir sem koma í gegn um starfsmannaleigurnar hafi upp til hópa verið settir á allra lægstu laun samkvæmt töxtum. En það er alveg sama hvort það er Íslendingur eða útlendingur, ef hann þarf að greiða húsaleigu sem er svimandi há þá er það alltaf jafn erfitt á þeim lágmarkskjörum,“ segir Sigurður Bessason, formaður stéttarfélagsins Eflingar.

Sigurður segir algengt að starfsmannaleigur raði tveimur eða jafnvel þremur mönnum í herbergi sem sé aðeins átta fermetrar og láti þá borga frá 55 upp í 70 þúsund krónur hvern fyrir á mánuði. „Þetta er bara skelfilegt,“ segir hann.

Almennt segir Sigurður stéttarfélögin mótfallin rekstri starfsmannaleiga þótt þær geti átt rétt á sér í örstuttan tíma. „Að öðru leyti á að vera um fastráðningu að ræða hjá viðkomandi fyrirtækjum og viðkomandi einstaklingar eru þá hér inni á vinnumarkaði eins og aðrir.“

Með ódýru húsnæði segjast Eiríkur og Magnús ekki eiga við húsnæði sem ekki standist íslenskar kröfur, „heldur húsnæði sem hægt er að koma upp á fljótan og ódýran hátt þannig að hægt sé að leigja það á viðunandi verði“.

Þá er bent á að ljóst sé að íslensk fyrirtæki muni þurfa að uppfylla mannaflaþörf með erlendu vinnuafli. Það fólk þurfi að búa einhvers staðar.

> Þetta er bara skelfilegt.
>
> Sigurður Bessason, formaður Eflingar



„Fyrir liggur að einstaklingar á húsnæðismarkaði, sér í lagi ungt fólk, eiga litla sem enga möguleika á að keppa við fyrirtæki um húsnæði. Það gerir að verkum að húsnæðisvandinn eykst enn frekar við það að fyrirtæki fari að keppa við einstaklinga um kaup á húsnæði til að fullnægja þörf fyrir húsnæði fyrir erlent vinnuafl,“ útskýra Eiríkur og Magnús og bjóða lausn.

„Sú lausn sem félagið telur heppilegasta er að reisa starfsmannabúðir,“ segja Somos-menn. Slíkar búðir uppfylli íslensk lög og mörg fordæmi séu fyrir hendi. Þegar slaki komi í hagkerfið og hið erlenda vinnuafl hverfi til síns heima sé auðvelt að taka búðirnar niður.

„Auk þess að skapa vinnuafl sem vantar til að byggja allar þær íbúðir sem kjörnir fulltrúar hafa lofað að byggja á næstu árum þá losna þær íbúðir sem nú þegar eru notaðar af erlendu vinnuafli,“ segir í bréfi Somos þar sem Mosfellsbæ er gefið fyrirheit um fjárhagslegan ávinning. Nú þegar reki Ístak starfsmannabúðir á Tungumelum fyrir 150 manns sem allir borgi þar útsvar. „Kostnaður bæjarins á móti þeim tekjum er óverulegur þar sem slíkar búðir kalla ekki á innviðabyggingu samsvarandi því ef nýtt íbúðahverfi væri reist.“

Bæjarráð Mosfellsbæjar tók málið fyrir í fimmtudag og vísaði því til umfjöllunar hjá umhverfissviði bæjarins. gar@frettabladid.is



# HÖRÐU PAKKARNIR FÁST Í SINDRA

# SINDRI

TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr ITBGCAI130B

**19.900** m/vsk

Fullt verð 28.337



TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 80 STK.

Toppar 1/4" og 1/2" 4 - 32mm
Fastir lyklar 8 - 19mm
Djúpir toppar, bitar, tangir
og skrúfjárn.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI8002

**18.277** m/vsk

Fullt verð 27.205



TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**19.196** m/vsk

Fullt verð 27.423



TILBOÐ

## SKRÚFJÁRNASETT 21 STK

Handfang + járn
Bitahaldari
Sterk plasttaska

vnr IBTGAAI2101

**2.579** m/vsk

Fullt verð 4.299



TILBOÐ

## SKRALLLYKLASETT 12 STK

Sterkur taupoki
72 tanna Pro lyklar
Stærðir 8 - 19mm

vnr IBTGPAQ1202

**11.167** m/vsk

Fullt verð 17.180




TILBOÐ

## ÁTAKSMÆLIR FYRIR SKRALL

1/2"
Mælir: 40-200Nm
Lengd: 75 mm
Digital

vnr ibtDTA-200N

**4.450** m/vsk

Fullt verð 6.356



TILBOÐ

## FASTLYKLASETT 12 STK

Sterkur taupoki
Stærðir 6 - 22mm

vnr IBTGPAW1202

**6.900** m/vsk

Fullt verð 10.150




TILBOÐ

## TOPPLYKLASETT 28 STK

Toppar 1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2802

**6.634** m/vsk

Fullt verð 10.365





Stórgos er yfirvofandi í Agung-fjalli á eynni Balí í Indónesíu. NORDICPHOTOS/AFP

# Hundruð þúsunda flýja

**INDÓNESÍA** Agung-fjall á indónesísku eynni Balí er á barmi stórgoss eftir tvö minni öskugos undanfarna daga. Um hundrað þúsund manns hefur verið gert að rýma svæðið umhverfis fjallið og yfirvöld hafa hækkað viðbúnaðarstig upp í hæsta stig.

Flugvöllum á eynni var lokað í gær. Eru því þúsundir ferðamanna strandaglópar á Balí. Eldfjallið hefur verið að minna á sig frá því í september en aur og grjót streymir nú niður fjallshlíðarnar.

Agung gaus síðast 1963 og kostaði það gos rúmlega þúsund eyjarskeggja lífið. Í viðtali við The Guardian sagði breski jarðfræðingurinn David Rothery að ef af gosi yrði nú myndu fleiri deyja þar sem mun fleiri búa nú í nágrenni við fjallið.

„Rýmingarsvæðið myndi gjöreyðileggjast. Þetta er ungt og virkt eldfjall sem á langa sögu um endurtekin sprengigos,“ sagði David Pyle, jarðfræðingur við Oxford-háskóla, við sama miðil.

Mesta hættan yrði af svokölluðum gusthlaupum. Þá svífur heit gjóskan niður fjallshlíðarnar en rýkur ekki upp í loftið. **– þea**


*Umsækjendur um þýðingastyrki með fresti 15. nóvember, athugið!*

Vegna bilunar hjá fyrri hýsingaraðila umsóknarvefs er auglýst aftur eftir umsóknum um styrki til þýðinga á íslensku og þurfa allir að sækja um að nýju.

*Frestur til 5. desember 2017. Allar nánari upplýsingar eru á islit.is.*

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA


# Einstök samkoma þjóðkjörinna kvenna

**Ársfundir samtakanna The Women Political Leaders Global Forum og Council of Women World Leaders verða haldnir í fyrsta skipti hér á landi frá 28. til 30. nóvember í Hörpu. Mikill áhugi er á Íslandi og því sem verið er að vinna að hér.**

**SAMFÉLAG** „Hingað eru að koma 3-400 konur frá 100 löndum til að ræða jafnréttismál í breiðu samhengi og aðkomu kvenna að málaflokkum sem þær hafa kannski ekki verið virkar í áður,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, fyrrverandi alþingismaður og innanríkisráðherra, sem er stjórnarformaður framkvæmdastjórnar Women Political Leaders (WPL). Á fundi WPL sem fer fram núna í vikunni verður sérstök áhersla lögð á Ísland sem alþjóðlegan leiðtoga í málefnum kynjajafnréttis. „Það sem er ofsalega ánægjulegt fyrir okkur Íslendinga er að það er ótrúlega mikill áhugi. Konur og þjóðþing og fulltrúar ótrúlega margra ríkja vilja koma og heyra hvað við höfum að segja. Yfirskrift fundarins í ár er „We can do it“ sem er tilvísun í að það er hægt að gera þetta,“ segir Hanna Birna.

> Hingað eru að koma 3-400 konur frá 100 löndum til að ræða jafnréttismál í breiðu samhengi.



Hanna Birna Kristjánsdóttir, stjórnarformaður framkvæmdastjórnar WPL.

Samhliða fundinum verður haldinn ársfundur Council of Women World Leaders, sem eru samtök kvenna sem eru eða hafa verið þjóðarleiðtogar. „Það eru fimmtán konur sem eru fyrrverandi eða núverandi forsetar að koma saman og það hefur aldrei áður gerst að svona margar konur sem hafa gegnt þeim embættum komi saman á einum á sama tímanum,“ segir Hanna Birna. Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, verða færð sérstök heiðursverðlaun á ráðstefnu WPL í ár fyrir þátttöku hennar í stjórnmálum og störf í þágu kvenna í gegnum tíðina.

Formleg setning fundarins verður í Veröld – húsi Vigdísar, þar sem Vigdís mun setja fundinn og flytja erindi um það hvernig kvenleiðtogar geti breytt heiminum.

Fundurinn er haldinn í Hörpu í samstarfi við Alþingi og ríkisstjórn Íslands. Aðrir stuðningsaðilar eru til dæmis Reykjavíkurborg, Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), Harvard-háskóli og Sameinuðu þjóðirnar. Fundurinn var fyrst haldinn árið 2013 og hefur verið haldinn í Jórdaníu, Mexíkó og Rúanda. Fundurinn er einstök samkoma kvenna í áhrifastöðum víðs vegar um heiminn.

Samtökin eru óháð og starfa ekki í gróðaskyni. Um er að ræða alþjóðleg samtök þjóðkjörinna kvenna og pólitískra leiðtoga þar sem lögð er áhersla á að auka fjölda og áhrif stjórnmálakvenna um allan heim. Samtökin leggja sig fram í öllum sínum störfum um að sýna fram á mikilvægi þátttöku kvenna í forystu stjórnmála. Til þess að ná árangri sé mikilvægt fyrir konur að hafa aðgengi að þremur hlutum, það er tengslaneti, samfélagi og opnum samskiptum. **lovisaa@365.is**




7 manna, leðuráklæði, hiti í framsætum, rafdrifin sæti, loftkæling, aksturstölva, bakkmyndavél, Bluetooth, fjarlægðarskynjarar, glertopplúga, hraðastillir, ISOFIX festingar, leiðsögukerfi, litað gler, nálægðarskynjarar, rafdrifnar rúður, þakbogar.

**Mitsubishi Pajero** Instyle 3.2 DID — 2016 — **6.490.000** KR — 65 — 4x4



Dráttarbeisli, hiti í sætum, rafdrifin opnun/lokun á afturhlera, viðarinnrétting í mælaborði, nálgunarvarar í fram og afturstuðara, bakkmyndavél, hraðastillir, Bang & Olufsen hljómtæki, milano leðurinnrétting, 18" álfelgur, sportsæti, xenon/led aðalljós, leiðsögukerfi o.fl.

**Audi A4 Allroad** Quattro 2.0 TDI — 2013 — **4.450.000** KR — 88 — 4x4

**Góðir notaðir með reynslu.**

Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: hnb.is



**VW Passat Highline** 1.6 TDI — 2015 — **3.490.000** KR — 88



**Skoda Octavia Combi** Ambition 1.6 — 2014 — ~~2.850.000~~ KR — TILBOÐ **2.550.000** KR — 55



**VW Golf Variant** Highline 1.4 TSI — 2015 — **3.220.000** KR — 40



**VW Golf e-Golf** Premium rafbíll — 2016 — **3.980.000** KR — 3



**VW Polo Comfortline** 1.4 — 2014 — ~~1.790.000~~ KR — TILBOÐ **1.540.000** KR — 59



**Skoda Yeti Outdoor** 2.0 TDI 4X4 — 2016 — **3.850.000** KR — 41 — 4x4



**Nissan Leaf Acenta** Rafmagn 24kW — 2013 — ~~1.990.000~~ KR — TILBOÐ **1.680.000** KR — 54

Volkswagen ŠKODA MITSUBISHI MOTORS

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040




## NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

# GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI

Við hvetjum áhugasama til að kíkja til okkar. Kennarar og fulltrúar fyrrverandi nemenda verða á staðnum og fara yfir námið ásamt því að gefa góð ráð til undirbúnings.
**Nánar á promennt.is**

GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR

## AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.
- Starfsnám hjá öflugum fyrirtækjum í boði fyrir nemendur í tækninámi.

## NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF — FRÍTT

| | |
|---|---|
| **BÓKHALDSGREINAR** | ÞRIÐJUDAG **28. nóvember kl. 18.00** |
| **TÆKNINÁM** | MIÐVIKUDAG **29. nóvember kl. 17.30** |

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

# Bernie Sanders kominn í framboðsgír

**Maðurinn sem lenti í öðru sæti í forvali Demókrata fyrir síðustu forsetakosningar þykir stíga skref í átt að öðru forsetaframboði. Tapaði fyrir Clinton eftir óvænta velgengni. Yrði 79 ára þegar kosið verður næst um forseta.**




Sanders hefur meðal annars verið áberandi í gagnrýni á skattafrumvarp Repúblikana. NORDICPHOTOS/AFP

**42%** myndu kjósa Sanders.

**36%** myndu kjósa Trump.

**BANDARÍKIN** Bernie Sanders, óháður öldungadeildarþingmaður fyrir Vermont, reynir nú að lagfæra þá veikleika sem komu í veg fyrir að hann tryggði sér útnefningu Demókrata til forsetaframboðs árið 2016. Frá þessu greindi Politico í gær í ítarlegri umfjöllun og segir að ýmislegt bendi til þess að hann hyggi á forsetaframboð árið 2020. Sanders nýtur stuðnings 71 prósents öldungadeildarþingmanna, sem er meiri stuðningur en nokkur annar mælist með.

Sanders þótti ekki líklegur til að vinna forkosningar Demókrata fyrir síðustu forsetakosningar. Þingmaðurinn styrktist hins vegar með hverjum degi og það þrátt fyrir að hann hafi att kappi við Hillary Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra og forsetafrú, sem var bæði þekktari stærð og naut meiri stuðnings fjársterkra aðila.

Hóf Sanders forkosningarnar af krafti og tapaði með 0,2 prósentustiga mun í Iowa áður en hann vann stórsigur í New Hampshire. Skiptust þau Clinton svo á sigrum þar til hún tryggði sér útnefninguna.

En þrátt fyrir að Sanders verði orðinn 79 ára gamall þegar Bandaríkjamenn ganga til forsetakosninga árið 2020 virðist hann ætla í framboð. Ynni Sanders yrði hann ekki bara elstur til að ná kjöri sem forseti, hann yrði elsti maðurinn til að gegna embættinu og það á fyrsta starfsdegi.

Politico greinir frá því að Sanders hafi á árinu styrkt tengsl sín við verkalýðsfélög, aflað sér sérfræðiþekkingar á utanríkismálum og unnið nánar með valdamönnum innan Demókrata. Þessi atriði voru ekki í toppstandi hjá Sanders í síðustu atrennu.

Þannig hefur Sanders til að mynda unnið með Bill Perry, varnarmálaráðherra Bills Clinton, til að auka þekkingu sína á utanríkismálum sem og Robert Malley og Söruh Chayes, fyrrverandi ráðgjafa Baracks Obama.

Politico hefur eftir heimildum sínum að þótt Sanders sjálfur vilji engu svara um framboð árið 2020 séu áhrifamenn innan samtakanna Our Revolution, sem stofnuð voru í kjölfar ósigurs Sanders til að berjast fyrir hugsjónum hans, farnir að leggja línurnar að framboði. Benda þeir á að Sanders sé nú vinsælasti kjörni fulltrúi Bandaríkjanna og sjá hann sem þungamiðju vinstri vængsins í bandarískum stjórnmálum.

Þá hefur Jeff Weaver, kosningastjóri Sanders í forkosningunum, aftur birst á launaskrá öldungadeildarþingmannsins eftir að hafa starfað fyrir Our Revolution. Sanders hefur jafnframt ráðið skoðanakannanagúrúinn Ben Tulchin sem ráðgjafa á ný. Það þykir merkilegt vegna þess að Sanders forðaðist í lengstu lög að ráða slíkan ráðgjafa fyrir síðustu kosningar.

Einnig hefur Sanders ráðið ráðgjafann Ari Rabin-Havt, sem áður var aðstoðarmaður Harrys Reid, fyrrverandi leiðtoga Demókrata í öldungadeildinni. Stýrir Rabin-Havt nú samskiptum Sanders. Matt Duss er nýráðinn utanríkismálaráðgjafi Sanders en hann stýrði áður stofnuninni Foundation for Middle East Peace.

Ef Sanders býður sig fram virðast sigurlíkur hans ágætar. Mælist hann með 31 prósents stuðning í forkosningum Demókrata í nýlegri könnun New Hampshire-háskóla, vinsælastur allra. Í könnun Morning Consult frá því í síðustu viku kemur fram að ef Sanders yrði frambjóðandi Demókrata myndi hann fá 42 prósent atkvæða en Trump 36 prósent.

thorgnyr@frettabladid.is



# FJÓRAR FLOTTAR!

## FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ!




TILBOÐSVERÐ: **4.499.-** Verð áður: 6.999.-

Sakramentið




TILBOÐSVERÐ: **4.499.-** Verð áður: 6.999.-

Ekki gleyma mér




TILBOÐSVERÐ: **3.199.-** Verð áður: 4.899.-

Bieber og Botnrassa




TILBOÐSVERÐ: **5.199.-** Verð áður: 7.999.-

Helgi

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er aðeins 29. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Klukkustund til eða frá



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Í ein fimmtíu ár hafa Íslendingar kvartað yfir klukkunni. Tímareikningi var breytt árið 1968 eftir háværar kröfur um að öllu hringli með klukkuna skyldi hætt fyrir fullt og allt og komið var á föstum tíma árið um kring. Þannig var klukkunni flýtt um eina klukkustund og Íslendingar stilla nú úrin, eða snjallsímana öllu frekar, eftir alheimstíma.

Á síðustu tuttugu árum hafa þingmenn lagt fram þrjú lagafrumvörp og fimm tillögur til þingsályktunar sem miða að því að færa tímareikning til betra horfs. Sumir vilja flýta klukkunni enn frekar, aðrir vilja seinka henni aftur.

Heilbrigðisráðherra hefur nú skipað starfshóp til að kanna ávinning fyrir lýðheilsu og vellíðan landsmanna af því að leiðrétta klukkuna til samræmis við gang Sólar.

Samkvæmt upplýsingum Landlæknis sofa 44,2 prósent Íslendinga skemur en sjö klukkustundir að jafnaði og 18,9 prósent sofa skemur en sex klukkustundir. Að sofa ítrekað skemur en átta klukkustundir dregur úr árvekni, viðbragðstíma og framleiðni. Svefnskortur hefur verið tengdur við offitu, sykursýki, hjartasjúkdóma og háþrýsting. Íslendingar eru ekkert einsdæmi í þessum efnum. Skortur á svefni er viðvarandi vandamál í flestum vestrænum ríkjum.

Bjartari morgnar fylgja seinkun klukkunnar, en um leið dimmir fyrr síðdegis. Þetta hefur ýmsa augljósa kosti í för með sér, en hvort breytingin komi til með að hafa mikil áhrif á svefnvenjur er með öllu óljóst.

Þetta gamla deilumál er í engum tengslum við veruleikann og þau miklu vandamál sem fylgja minni svefni. Er ekki líklegra að ein umfangsmesta breyting á samfélagsgerð mannanna frá upphafi hafi eitthvað að gera með þetta vandamál? Líklega hefur ekkert haft jafn mikil áhrif á líf mannanna og tölvur, snjallsímar, internetið og samfélagsmiðlar. Blá birta frá tölvu- og snjalltækjaskjáum hægir á framleiðslu melatóníns sem finstillir lífsklukku okkar.

Að halda því fram að sólarljós ráði fyrst og fremst líkamsklukku nútímamannsins er einfaldlega ekki rétt. Það hvernig við stillum klukkuna hefur lítið með vandamálið að gera. Hins vegar má færa sannfærandi rök fyrir því að lífsstíll hafi meiriháttar áhrif á svefnvenjur okkar.

Talsmenn þess að seinka klukkunni hafa vísað til Nóbelsverðlauna í lífeðlis- og læknisfræði á þessu ári en þau hlutu þrír vísindamenn fyrir einstakar rannsóknir sínar á dægurklukkunni. Þessar mikilvægu grunnrannsóknir undirstrika það hvernig allar lífverur eru þrælar Sólarinnar og hversu mikilvægt það er að samþætta innri og ytri klukku. Að halda því fram að þetta flókna samband megi bæta einfaldlega með því að breyta tímareikningi er mikill misskilningur.

**Líklega hefur ekkert haft jafn mikil áhrif á líf mannanna og tölvur, snjallsímar, internetið og samfélagsmiðlar.**

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is
HEKLA

Halldór




## Frá degi til dags

**Stuðningur við Katrínu**

**Stuðningsmenn Katrínar Jakobsdóttur létu rannsóknarfyrirtækið Zenter gera skoðanakönnun á vinsældum hennar og vilja fólks til að fá hana sem næsta forsætisráðherra. Það þarf ekki að koma neinum á óvart að Katrín mælist með yfirburða stuðning í það embætti. Óljóst er hins vegar hvers vegna stuðningsmennirnir létu gera könnunina. Nærtækasta skýringin er kannski sú að stuðningsmennirnir hafi verið að fá Katrínu vopn í hendur þegar kæmi endanlega að skiptingu ráðuneyta á flokkana í stjórnarmyndunarviðræðunum.**

**Snýst ekki um kyn**

**Rithöfundurinn Auður Jónsdóttir skrifar að Katrín Jakobsdóttir sé eldklár og hún muni hafa roð við hvaða karli sem er. Augljóst er að rithöfundinum þykir sú gagnrýni sem Katrín hefur fengið vegna stjórnarmyndunarviðræðnanna við Framsóknarflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn ómakleg. Það er líklegast rétt. Gagnrýnin hefur hins vegar ekkert með kyn Katrínar að gera. Málið snýst miklu frekar um það að Katrín skynjar ábyrgð stjórnmálamanna á því að mynda þarf sterkan meirihluta eftir hverjar kosningar, á meðan gagnrýnendur hennar hafa ekki tilfinningu fyrir þeirri ábyrgð.**

jonhakon@frettabladid.is

# Torlæsi þjóðar – á ábyrgð margra



Guðjón Ragnar Jónasson
kennari

Á dögunum fengum við þær fréttir að átak um læsi í grunnskólum Reykjavíkur hefði engu skilað. Enn og aftur voru það skólarnir sem sátu uppi með Svarta-Pétur. Satt best að segja finnst mér þessi umræða orðin heldur hvimleið. Skólarnir geta ekki séð einir um lestrarkennsluna, foreldrar þurfa að vera fyrirmyndir og sýna bókmenningu og lestri áhuga til að árangur náist.

Mér segir svo hugur að lestrarfærni okkar foreldranna hnigni stöðugt og að þar liggi vandinn ekki síst. Margir kaupa ekki bækur og lesa lítið sem ekkert. Það er alkunna að ríkuleg bókmenning á heimili hvetur unga sem aldna við lesturinn. Sú stefna nútímans að fleygja bókum, þannig að bækur eru gerðar útlægar af heimilum, er ekki góð. Í allmörg ár hafa margir sjónvarpsþættir um tísku og hönnun sýnt ótalin glæsiheimili á Íslandi án bóka enda minna þau mörg hver frekar á dauðhreinsaða tannlæknastofu en hlýlegt heimili.

Hættum að kenna skólunum um hnignandi læsi, hefjum lestrarátak á vinnustöðum og í samfélaginu. Lestur er samstarfsverkefni heimilis og skóla og hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á heimanámi þá þarf reglulegur lestur að vera hluti af daglegum venjum okkar. Hér er umfram allt um að ræða samstarfsverkefni heimilis og skóla. Verkefnið er svo umfangsmikið að skólinn getur aldrei einn og óstuddur leyst það sómasamlega af hendi.

Lesturinn þarf því að byggjast á samstarfi kynslóðanna. Kannski mætti hugsa sér að Samtök atvinnulífsins stæðu fyrir gæðastundum og stuðluðu þannig að öflugri símenntun þar sem starfsmenn fengju tækifæri til að ræða bóklestur og bókmenningu í vinnutímanum. Áðurnefnd samtök hafa oft sterkar skoðanir á skólamálum. Með átaki um læsi á vinnustöðum gætu þau sýnt hug sinn í verki.

Að endingu legg ég til að foreldrafélög grunnskólanna standi fyrir lestrarátaki fyrir foreldra samhliða því sem börnin eru hvött áfram við lesturinn.

**Verkefnið er svo umfangsmikið að skólinn getur aldrei einn og óstuddur leyst það sómasamlega af hendi. Lesturinn þarf því að byggjast á samstarfi kynslóðanna.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hvað er að frétta?



**Maríanna Hugrún Helgadóttir**
formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga

Órói í Öræfajökli? Þú hefðir ekki frétt af því. Óveðrið? Hefðir ekki lesið um það. Hvað þýddi jarðskjálftahrinan? Þú vissir ekkert um það. Án náttúrufræðinga.

Náttúrufræðingar eru kannski ekki eitthvað sem flestir hugsa um daglega og margir átta sig ekki á þeim mikilvægu störfum sem þessir sérfræðingar gegna né hvaða menntun þeir hafa sótt sér. Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) var stofnað árið 1955 og voru félagsmenn til að byrja með um 15 talsins. Í dag eru 1906 greiðandi félagsmenn í FÍN og það kemur líklega mörgum á óvart hversu margir náttúrufræðingar snerta líf landsmanna oft og víða. Við lestur frétta koma náttúrufræðingar gjarnan við sögu.

Náttúrufræðingar eru háskólamenntaðir og sinna hinum ýmsu ómissandi störfum s.s. að vakta náttúruvá. Á Veðurstofu Íslands (VÍ) starfa 75 náttúrufræðingar sem eru sérfræðingar á sínu sviði. Þeir vakta veðrið, eldgos og aðra aðsteðjandi náttúruvá. Náttúrufræðingar á VÍ bera hin ýmsu starfsheiti s.s. veðurathugunarmenn, veðurfræðingar, náttúruvársérfræðingar og ofanflóðasérfræðingar. Þessir sérfræðingar sinna öryggishlutverki, þeir vakta náttúruna fyrir okkur og vara við aðsteðjandi hættu. Eru náttúrufræðingar mikilvægir? Gegna náttúrufræðingar mikilvægu hlutverki?

**Ungt fólk verður að sjá kosti þess að afla sér menntunar á sviði náttúruvísinda og þegar það kemur út á atvinnumarkaðinn hafi það löngun til að sinna mikilvægum störfum hjá hinu opinbera, okkur landsmönnum öllum til heilla.**

**Raunverulegur launamunur**

Já, störf náttúrufræðinga eru samfélaginu mikilvæg, það mikilvæg að VÍ hefur farið þess á leit við félagið að þessi ofangreindu störf séu undanþegin verkföllum. Mikilvægi starfa/starfsstétta og góð launakjör haldast því miður ekki alltaf í hendur en FÍN hefur átt í samningaviðræðum við ríkið, sem vinnuveitanda, frá því í ágúst. Kröfur félagsins eru að félagsmenn FÍN fái almennar launahækkanir eins og aðrir sem starfa á almennum vinnumarkaði og að fyrstu skrefin verði tekin við að leiðrétta skekkjur í launasetningu opinberra starfsmanna. Launamunur á milli almenna markaðarins og hins opinbera er raunverulegur, laun á almennum markaði hafa undanfarin ár verið 25%-30% hærri en á opinberum markaði og því brýnt að launakjör félagsmanna FÍN á hinum opinbera markaði verði leiðrétt. Ungt fólk verður að sjá kosti þess að afla sér menntunar á sviði náttúruvísinda og þegar það kemur út á atvinnumarkaðinn hafi það löngun til að sinna mikilvægum störfum hjá hinu opinbera, okkur landsmönnum öllum til heilla.

VÍ vill halda í starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem þeim er falið að sinna. Lágmarkslaun á Veðurstofu Íslands eru 374.795 kr. en lágmarkslaun í félaginu eru 304.743 kr. FÍN gerir kröfu til ríkisins sem vinnuveitanda um að það semji án tafar við félagið og leiðrétti laun náttúrufræðinga. Krafa félagsins er að lágmarkslaun verði 400.000 kr. fyrir félagsmenn FÍN sem hafa lokið fyrstu háskólagráðu.








## Nýjast

**Olís-deild karla**

**Valur - Haukar 26-30**
**Markahæstir**: Anton Rúnarsson 5/2, Árni Þór Sigtryggsson 4, Alexander Örn Júlíusson 3, Vignir Stefánsson 3, Ryuto Inage 3, Ólafur Ægir Ólafsson 3 - Hákon Daði Styrmisson 8/6, Atli Már Báruson 6, Adam Haukur Baumruk 5, Leonharð Harðarson 4.

**ÍR - Afturelding 29-33**
**Markahæstir**: Bergvin Þór Gíslason 11, Daníel Ingi Guðmundsson 9/4, Kristján Orri Jóhannsson 4 - Árni Bragi Eyjólfsson 13, Ernir Hrafn Arnarson 7, Elvar Ásgeirsson 7, Mikk Pinnonen 2, Gunnar Malmquist Þórsson 2.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| FH | 18 | Afturelding | 9 |
| Haukar | 17 | ÍR | 8 |
| Valur | 17 | Fram | 8 |
| ÍBV | 16 | Fjölnir | 5 |
| Selfoss | 14 | Grótta | 4 |
| Stjarnan | 11 | Víkingur | 3 |

**Vináttulandsleikur kvenna**

**Slóvakía - Ísland 26-28**
**Mörk Íslands**: Þórey Rósa Stefánsdóttir 7, Birna Berg Haraldsdóttir 7, Helena Rut Örvarsdóttir 6, Thea Imani Sturludóttir 3, Eva Björk Davíðsdóttir 2, Perla Ruth Albertsdóttir 2, Arna Sif Pálsdóttir 1.

## Í dag
**19.50 Watford - Man. Utd** Sport 2



**Kristófer Acox sækir að körfu Búlgara. Íslenska liðið spilaði vel á löngum köflum en gaf eftir undir lokin.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






# Klaufalegt tap fyrir Búlgörum í Höllinni

**Íslenska karlalandsliðið í körfubolta kastaði frá sér unnum leik gegn Búlgaríu í undankeppni HM í gær. Strákarnir spiluðu vel lengst af en sóknin hrökk í baklás undir lokin. Ísland hefur tapað báðum leikjum sínum í undankeppninni.**

**KÖRFUBOLTI** Ísland tapaði fyrir Búlgaríu, 77-74, í undankeppni HM 2019 í Laugardalshöllinni í gærkvöldi. Liðið var lengi vel með fín tök á leiknum en henti honum frá sér í fjórða leikhlutanum.

Martin Hermannsson var atkvæðamestur í liði Íslands með 21 stig en Jakob Örn Sigurðarson skoraði 18 stig í leiknum.

Það var hrein unun að fylgjast með íslenska landsliðinu í byrjun leiks og þá sérstaklega þeim Martin Hermannssyni og Tryggva Snæ Hlinasyni. Martin stjórnaði leik íslenska liðsins eins og herforingi og Tryggvi Snær varði þrjú skot í fyrsta leikhlutanum og var frábær í vörninni.

Búlgararnir þurftu að hafa mikið fyrir hverju einasta stigi og gekk sóknarleikur íslenska liðsins töluvert betur til að byrja með. Staðan var því 21-17 eftir fyrsta leikhlutann og hefði íslenska liðið getað verið með stærra forskot, með smá heppni.

Í öðrum leikhluta hélt baráttan og harkan í íslenska liðinu áfram og var það einfaldlega líkamlega sterkara en búlgörsku landsliðsmennirnir. Þegar leikhlutinn var hálfnaður var staðan 35-23 fyrir Ísland og útlitið nokkuð bjart.

Búlgarar komu til baka undir lok fyrri hálfleiksins og létu íslensku strákana hafa vel fyrir sér með því að keyra alltaf inn í teiginn. Það hafði það í för með sér að menn fóru að sanka að sér villum.

Tryggvi var kominn með þrjár villur í hálfleik og þurfti að hafa sig hægan í upphafi síðari hálfleiksins og það sama má segja um Martin Hermannsson. Staðan í hálfleik var 45-35.

Búlgarar mættu grimmir út í síðari hálfleikinn og fóru strax að minnka muninn og það mjög markvisst. Þegar lítið var eftir af þriðja leikhlutanum var staðan 52-51 fyrir Ísland og Búlgararnir að hóta þeim hvítklæddu að komast yfir í leiknum.

Sem betur fer héldu íslensku landsliðsmennirnir út og hleyptu þeim ekki fram úr sér. Staðan fyrir lokafjórðunginn var 61-53.

Íslenska liðið var með frumkvæðið í byrjun fjórða leikhluta en gestirnir ætluðu sér að ná í sigur í Laugardalshöllinni í gær.

Þegar tvær og hálf mínúta var eftir af leiknum komust Búlgarar yfir, 67-66, og var mikil spenna í leiknum út leiktímann. Svo fór að lokum að Búlgaría vann leikinn, 77-74.

Það skrifast á algjört kæruleysi hjá íslenska liðinu þar sem liðið hafði stóran hluta af leiknum fín tök á honum. Það þurfti bara að sigla sigrinum í hús en það gekk því miður ekki.

Búlgarska liðið sýndi aftur á móti gríðarlegan karakter, gafst aldrei upp og það sem var mikilvægast, að þeir hleyptu íslenska liðinu aldrei of langt frá sér. **stefanarni@365.is**

**Undankeppni HM 2019**

**Ísland - Búlgaría 74-77**
**Stig Íslands**: Martin Hermannsson 21, Jakob Örn Sigurðarson 18, Hlynur Bæringsson 9, Haukur Helgi Pálsson 9, Kristófer Acox 6, Tryggvi Snær Hlinason 6, Kári Jónsson 5.




„Við leiddum nánast allan leikinn og stjórnuðum honum vel,“ segir Jakob Örn Sigurðarson, leikmaður Íslands, svekktur eftir tapið fyrir Búlgörum í undankeppni HM í gær.

„Við missum þá framúr okkur undir lokin og það verður að segjast alveg eins og er að sóknarleikur okkar var alls ekki nægilega góður síðustu mínúturnar. Við vorum staðir og töpuðum boltanum á meðan þeir voru að spila sína sókn og setja niður mikilvæg skot.“

Jakob segir að það sem varð til þess að íslenska liðið tapaði leiknum hafi verið að það hefði átt að klára hann miklum mun fyrr. „Við bara gáfum þeim séns á að komast inn í leikinn í lokin.“

**» Næstu leikir Íslands í undankeppninni eru í febrúar á næsta ári. Ísland mætir Finnlandi og Tékklandi á heimavelli.**




365.is | 1817

MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND OG BETRA VIÐMÓT

# JÓLIN KOMA SNEMMA Í ÁR!

## APPLE TV 4K að andvirði 29.990 KR.

## FYLGIR MEÐ PÖKKUM 365

VALITOR

Framundan er stútfull dagskrá af öllu því helsta í innlendri og erlendri dagskrárgerð. Við leggjum metnað í að þú njótir fyrsta flokks skemmtunar á sem bestan hátt og því **fylgir Apple TV 4K með pökkum 365.**

GILDIR TIL
30. NÓV
EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST







MARGFALT SKEMMTILEGRI



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún M. Sigurbergsdóttir**
Gunna skó,
Skólavegi 22, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 23. nóvember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 11. desember klukkan 13.

**Jón Björgvin Stefánsson**
**Sigurberg Jónsson** **Dagbjört Nanna Jónsdóttir**
**Stefán Jónsson** **María Sigurðardóttir**
**Jóhanna Jónsdóttir**
**Ásbjörn Jónsson** **Auður Vilhelmsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Júlíus Sigurðsson**
pípulagningameistari og hljómlistarmaður,
Dynsölum 10, Kópavogi,

lést 18. nóvember. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 30. nóvember kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Grensásdeild.

**Jóhanna Ellý Sigurðardóttir**
**Hildur Júlíusdóttir** **Þorleifur Rúnar Örnólfsson**
**Júlíus Þór Júlíusson** **Íris Guðrún Ragnarsdóttir**
**Davíð Júlíusson** **Kristín Inga Guðmundsdóttir**
**Guðrún Stephensen**
**og barnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Lúðvík flettir bókinni á stofuborðinu heima. „Ég kalla þetta verkefni smíðisgripinn okkar. Það er búið að taka nokkur ár. Við byrjuðum að ræða það fyrir um það bil áratug, svo fórum við að viða í það einni og einni spýtu,“ segir Ólafur sem er til hægri.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Það var bara eitt sem við vorum ósammála um

Erum við einu geimverurnar? Eru ættareinkenni erfð eða áunnin? Lúðvík Gústafsson jarðfræðingur og Ólafur Halldórsson líffræðingur leita svara við ótal spurningum í bókinni Frá Miklahvelli til mannheima. Þeir hafa hist reglulega á Kringlukránni í hádeginu undanfarin ár og rætt efnið.

Við köllum þetta alsögu sem er í raun og veru nýtt heiti. Á ensku er það Big History – Saga frá byrjun alheimsins til okkar daga. Ég veit ekki um neina aðra sambærilega bók á Íslandi,“ segir Lúðvík Gústafsson jarðfræðingur um nýja bók þeirra Ólafs Halldórssonar líffræðings, Frá Miklahvelli til mannheima. „Það væri hægt að skrifa heilan bókaflokk um hvern kafla, hvort sem er um alheiminn, jarðfræðina, lífið almennt eða mannkynið og þróun þess. En þegar svona langur tími er tekinn fyrir verður að stikla á stóru.“ Lúðvík segir ritun bókarinnar hafa verið algert gæluverkefni hjá þeim félögum og að ekkert hafi legið á eða knúið þá áfram annað en áhugi.

Ólafur tekur undir það. „Ég kalla þetta verkefni smíðisgripinn okkar. Það er búið að taka nokkur ár. Við byrjuðum að ræða það fyrir um það bil áratug, svo fórum við að viða í það einni og einni spýtu. Hittumst reglulega á Kringlukránni í hádeginu, einu sinni til tvisvar í mánuði og bárum saman bækur okkar. Skrifuðum fyrst hvor sína kaflana, eftir því hverju við vorum skástir í, svo hefur efnið verið að veltast milli okkar, þannig að svolítið erfitt er að segja hvor á hvað – þannig á það líka að vera.“

Lúðvík kveðst hafa fengið fyrsta stjörnukíkinn 14 ára gamall og haft gífurlegan áhuga á alheiminum síðan. „Ég er með fyrstu kaflana í bókinni um alheiminn og reikistjörnurnar og svo lokakaflann um framtíðina og leitina að lífi á öðrum hnöttum. Ólafur er með stærri hluta bókarinnar, um lífið og mannkynið en ég hef oft farið í gegnum hans efni og hann mitt.“

Lúðvík starfar sem sérfræðingur á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Ólafur er kominn á eftirlaun. Þeir kenndu báðir við Verslunarskólann um skeið, Lúðvík eðlis- og efnafræði, Ólafur líf- og efnafræði. „Ég er á svokallaðri 95 ára reglu og hætti kennslu um leið og tækifæri gafst, til að geta sinnt ritstörfum,“ segir Ólafur sem kveðst fyrst hafa sest niður og skrifað kennslubók í líffræði eins og honum fannst hún eiga að vera, eftir alla reynsluna. „Ég er svo heppinn að líffræðibókin hefur fengið bara fína dreifingu og er notuð til kennslu í um helmingi framhaldsskólanna,“ segir hann.

En þótti þeim félögum vanta bók eins og þá sem þeir hafa nú skrifað, þegar þeir voru að kenna? „Já, og bara almennt. Bókin okkar er skrifuð á mannamáli og fólk þarf ekki endilega að lesa hana spjaldanna á milli heldur getur gripið niður í hana hér og þar. Efnið á að skiljast hverjum þeim sem hefur áhuga,“ segir Lúðvík og heitir því að þeir Ólafur muni ekki láta staðar numið heldur fylgja bókinni eftir á netinu. „Það eru stöðugt nýjar uppgötvanir á öllum þeim sviðum sem við fjöllum um, ég get nefnt læknavísindin, í sambandi við erfðaefnin.“

Þeir segjast hafa látið stærð bókarinnar nokkuð ráðast. „Það var bara eitt atriði sem við vorum ósammála um og verðum alltaf, það er hvort líf sé annars staðar en á jörðinni,“ segir Ólafur. „Við leystum það með því að ræða málin á þremur, fjórum síðum og niðurstaðan var auðvitað sú sama og áður.“

Lúðvík brosir. „Við köllum kaflann Symposium, eða Samdrykkju. Ég er sannfærður um að ég muni lifa það að lífverur finnist víðar en á jörðinni en Ólafur telur líf í alheiminum aldrei munu finnast og í þessum kafla rökstyðjum við báðir okkar skoðanir en þær haggast ekkert.“ **gun@frettabladid.is**

## Af bókarbaki...

Frá Miklahvelli til mannheima er ekki bara saga alheimsins eða lífsins eða mannfólksins. Með því að horfa á tilveruna sem eina órofa heild, eina alsögu, sjáum við betur af hverju við urðum þær manneskjur sem við erum í dag, með örlög jarðarinnar í höndum okkar vegna áður óþekkts máttar til að meðhöndla efni og orku.




**Bókin okkar er skrifuð á mannamáli og fólk þarf ekki endilega að lesa hana spjaldanna á milli heldur getur gripið niður í hana hér og þar. Efnið á að skiljast hverjum þeim sem hefur áhuga.**

Lúðvík

# Nýjar útsetningar – á eldri tónlist

**Íslenski saxófónkvartettinn heldur tónleika annað kvöld í Fríkirkjunni í Hafnarfirði og spilar þar nýjar útsetningar á enskri barokktónlist og íslenskum sönglögum.**

Tilefnið er bara að halda tónleika í skammdeginu, ekki endilega með jólatónlist heldur annarri hátíðlegri og þægilegri tónlist,“ segir Vigdís Klara Aradóttir, einn félaga í Íslenska saxófónkvartettinum sem spilar annað kvöld í Fríkirkjunni í Hafnarfirði. „Við spilum mest barokk- og renaissance-tónlist og akkúrat núna ætlum við að flytja í fyrsta skipti nokkur verk eftir Henry Purcell, sem einn úr okkar hópi, Peter Tompkins, hefur útsett sérstaklega fyrir okkur. Purcell er enskt tónskáld og Tompkins hefur mikinn áhuga á að koma tónlistinni hans inn á borð til okkar,“ segir Vigdís Klara glettin.

„Svo erum við líka að spila í fyrsta skipti á saxófóna útsetningar Sigurðar I. Snorrasonar á þekktum íslenskum sönglögum og svo þjóðlega dansa frá Ungverjalandi.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20. Þeir verða án hlés og taka um klukkustund. Aðgangur er ókeypis og eru þeir styrktir af Hafnarfjarðarbæ. – gun



Kvartettinn skipa þau Sigurður Flosason, altsaxófónn, Guido Bäumer, barítónsaxófónn, Vigdís Klara Aradóttir, sópransaxófónn, og Peter Tompkins, tenórsaxófónn.

---



Ástkær móðir mín og amma okkar,

**Sesselja Friðriksdóttir**

Skipasundi 88,

lést 17. nóvember á Sólvangi hjúkrunarheimili. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 1. desember klukkan 15.

**Sigríður Steinunn Gottskálksdóttir**
**Kristín Sesselja Róbertsdóttir**
**James Björn Róbertsson Watkins**

---



Kærar þakkir fyrir stuðning, hlýhug og fallegar kveðjur vegna fráfalls eiginmanns, föður, bróður og mágs,

**Einars Jörundssonar**

dýralæknis.

Sérstakar þakkir færum við hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu Karitas og Örvari Gunnarssyni krabbameinslækni.

**Guðríður Haraldsdóttir**
**Andri Eydal**
**Auður Einarsdóttir**
**Þóra Einarsdóttir**
**systkini og makar.**

---



Okkar ástkæra

**Valgerður Vilhjálmsdóttir**

lést 23. nóvember á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju 30. nóvember kl. 13.00.

**Fríða Margrét Jónsdóttir**
**Vilhjálmur Jónsson** — **Sandra Jónsson**
**Valgerður Jónsdóttir** — **Ívar Harðarson**
**Ásgeir Jónsson**
**Svanbjörg Sverrisdóttir**
**Halldór Magni Sverrisson** — **Hugrún Ívarsdóttir**
**Hanna Margrét Sverrisdóttir**

---



Okkar ástkæri

**Friðrik Eiríksson**

rafvirki,
Sléttuvegi 13,

verður jarðsunginn frá Neskirkju miðvikudaginn 29. nóvember næstkomandi klukkan 15.

**Sigurborg Sigurbjarnadóttir** — **Pétur P. Johnson**
**Herdís Ólöf Friðriksdóttir** — **Guðmundur Þ. Guðbrandss.**
**Jakob S. Friðriksson** — **Álfheiður Árdal**
**afabörn og langafabörn.**

---



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Hjaltalín Hannesson**

rafvirkjameistari
frá Brimhólum í Vestmannaeyjum,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 26. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

**Brynjólfur Jónsson** — **Kristín Siggeirsdóttir**
**Hannes Rúnar Jónsson** — **Beatriz Ramirez Martinez**
**Guðrún Jónsdóttir** — **Eiríkur Ingi Eiríksson**
**Soffía Guðný Jónsdóttir** — **Björn Lárus Bergsson**
**afabörn og langafabörn.**

---



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**Guðrún Bergmann**

Vesturbergi 108, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þann 20. nóvember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 30. nóvember klukkan 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja Alzheimersamtökin.

**Árni Brynjólfur Guðmundsson**
**Þórey Ósk Árnadóttir** — **Heiðar Gunnarsson**
**Guðrún Árný Heiðarsdóttir**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Eyjólfur Gíslason**

Kríulandi 19, Garði,

lést í faðmi kærleiksstórfjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 21. nóvember. Jarðarförin fer fram í Útskálakirkju miðvikudaginn 29. nóvember klukkan 15. Sjónvarpað verður frá athöfninni í Miðgarð, sal Gerðaskóla. Þeir sem vilja minnast hans er bent á Knattspyrnufélagið Víði, Garði.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Helga Þórdís Tryggvadóttir**

---



Föðurbróðir minn og vinur okkar,

**Hjörtur Bollason**

Áshamri 65, Vestmannaeyjum,

lést á heimili sínu laugardaginn 7. október. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Bolli Eyþórsson**
**Björn Benediktsson**

---



Ástkær eiginkona, móðir, systir og mágkona,

**Hólmfríður Gísladóttir**

lést á heimili sínu 22. nóvember. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 30. nóvember kl. 13.30.

**Kristín Erla Boland**
**Eldar Hrafn Boland**
**Ástþór Gíslason** — **Erla Gunnarsdóttir**
**Hrafnkell S. Gíslason** — **Ragnheiður D. Gísladóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Svanlaugar Magnúsdóttur**

Háagerði 85.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki blóðlækningadeildar Landspítalans 11G fyrir einstaka umönnun.

**Rebekka Sigrún Guðjónsdóttir** — **Björn Guðmundsson**
**Ragnheiður Guðjónsdóttir**
**Ásdís Guðjónsdóttir** — **Ingólfur Þórisson**
**Helga Guðjónsdóttir** — **Þröstur Helgason**
**Magnús Guðjónsson** — **Guðríður Hlöðversdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Bára Björg Oddgeirsdóttir**

Álftamýri 19,
Reykjavík,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju í Reykjavík fimmtudaginn 30. nóvember nk. kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð Ljóssins, ljosid.is.

**Gunnar Gregor Þorsteinsson**
**Kristín Birgitta Gunnarsdóttir** — **Marteinn Stefánsson**
**Helga Gregor Gunnarsdóttir** — **Jónas Þórðarson**
**Katrín Erla Gregor Gunnarsdóttir** — **Elís Rúnarsson**
**og ömmubörn.**

---



Innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Eggerts Þorfinnssonar**

skipstjóra, Kirkjusandi 1.

Sérstakar þakkir færum við séra Sigurði Jónssyni og starfsfólki Útfararstofu Kirkjugarðanna.

**Kristín Ólafsdóttir**
**Þorfinnur P. Eggertsson** — **Sara Halldórsdóttir**
**Kári Freyr, Steinar Ingi og Íris Edda**
**Sigurður J. Eggertsson** — **Friðrika Kr. Stefánsdóttir**
**Eggert Aron, Stefán Matti og Hanna Kristín**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjuagur

Áfram norðlæg átt í dag og kalt í veðri með dálitlum éljum Norðanlands, en bjart syðra. Þykknar upp vestan til og hlýnar heldur þar.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | 1° | -1° |
| → 4 | → 9 | → 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -4° | -2° | -4° |
| ← 2 | ↘ 6 | ↘ 6 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 4° | 4° |
| ↑ 8 | ↗ 14 | ↗ 12 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° | 2° | 0° |
| ↑ 6 | → 3 | ↑ 9 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | | | 3 | | | 8 | 2 |
| | 8 | | 9 | | | | | 7 |
| | | | 5 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | 7 | 8 | | 9 |
| | 5 | | 1 | 9 | 3 | | | 4 |
| | 2 | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 4 | 5 | | 1 | |
| | | | | 6 | | | | |
| | 9 | | 8 | | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 1 | | 9 | | |
| 8 | 9 | 5 | | | | 4 | | |
| | | | 9 | | | 6 | | 8 |
| 3 | | 9 | 6 | 7 | | 5 | 8 | 1 |
| | | | 3 | 4 | | | | |
| | | | | | | | | |
| 5 | 2 | 8 | | | | 7 | | 4 |
| | | | 4 | 5 | 9 | | 3 | |
| | | | | | | | 5 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 3 | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | | | | | 5 |
| | 5 | | 7 | 8 | | | 2 | |
| 6 | 1 | | | | | | | |
| | | | 1 | 4 | | | | |
| 2 | | 9 | | | | 7 | | |
| | | 3 | | 2 | | | | 4 |
| | | | 3 | | 9 | 5 | | |
| | | 1 | | 7 | 6 | | | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 5 | 7 | 9 | 2 | 4 |
| 6 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 4 | 9 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 | 7 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 |
| 1 | 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 1 | 7 | 3 | 2 | 9 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 6 | 4 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 6 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 1 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 1 | 3 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 2 | 3 | 1 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. bauti
6. íþróttafélag
8. sægur
9. rangl
11. þverslá
12. kappsemi
14. goðsagna-vera
16. rás
17. rjúka
18. kvabb
20. tveir eins
21. nabbi

**LÓÐRÉTT**
1. skrifa
3. kringum
4. varast
5. af
7. röndóttur
10. skref
13. skordýr
15. rétt
16. espa
19. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | 10 | ■ | 11 | | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. buff, 6. kr, 8. mor, 9. ráf, 11. rá, 12. ákefð, 14. atlas, 16. æð, 17. ósa, 18. suð, 20. tt, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. skrá, 3. um, 4. forðast, 5. frá, 7. rákaður, 10. fet, 13. fló, 15. satt, 16. æsa, 19. ðð.

## Skák Gunnar Björnsson

Gunnar Gunnarsson (Skákdeild KR), elsti keppandi Íslandsmóts skákfélaga, átti leik gegn Hilmi Frey Heimissyni (TR).

**Svartur á leik**

**55. ... He3+!** (55. ... Hc4+ dugar einnig) **56. Kf4 Hf3+ 57. Kg5 Hf5+ 58. Kg4 Hf4+** og jafntefli samið nokkru síðar. Hvítur sleppur ekki frá hróksskákunum. Gamli refurinn hafði nokkru áður boðið Hilmi peð sem Hilmir mátti alls ekki drepa. **www.skak.is.** Friðrik á Skemmtikvöldi Skáksambandsins.











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Aðventan
## með Völu Matt



**Í KVÖLD**

KLUKKAN 20:25

# Aðventan með Völu Matt

**Vala Matt er komin í jólafötin** og fer með okkur í ferðalag um undraveröld jólanna eins og henni einni er lagið á aðventunni. Innanhússarkitektar og stílistar sýna okkur **það nýjasta í jólaskreytingum, girnilegar og hátíðlegar mataruppskriftir** og sálfræðingurinn Erla Björnsdóttir leiðir okkur í gegnum jólaannirnar með bros á vör.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 1817

Coca-Cola BÍÓ
á þriðjudögum í Laugarásbíó
750 kr.
á allar myndir nema íslenskar
FRÍ ÁFYLLING Á GOSI Í HLÉI
LAUGARÁS BÍÓ
Wonder — SÝND KL. 5.30, 8, 10.25
HÁSKI - FJÖLLIN RUMSKA — 17.11.17 — SÝND KL. 5.30
A Bad Moms Christmas — SÝND KL. 8, 10.15
The Foreigner — SÝND KL. 10
Litla Vampíran — SÝND KL. 5.30
Undir trénu — SÝND KL. 8



SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
Coco
Frozen Ævintýri Ólafs á undan myndinni
PEPSIBÍÓ - 50% AF MIÐANUM
Ben Affleck, Henry Cavill, Gal Gadot, Ezra Miller, Jason Momoa, Amy Adams, Jeremy Irons
Justice League
PEPSIBÍÓ - 50% AF MIÐANUM
Chris Hemsworth, Tom Hiddleston, Cate Blanchett, Idris Elba, Jeff Goldblum, Tessa Thompson, Karl Urban, Mark Ruffalo, Anthony Hopkins
Thor Ragnarok
PEPSIBÍÓ - 50% AF MIÐANUM

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 - 6:20 |
| COCO ENSKT TAL | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 9 |
| JUSTICE LEAGUE 2D VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 6 - 8 - 9 - 10:50 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 |
| COCO ENSKT TAL | KL. 6 - 8 |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 9 |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:35 |
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 10:35 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 |
| COCO ENSKT TAL | KL. 8 |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 8 - 10:40 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5:10 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5 |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 5 - 7:35 - 10:10 |
| THANK YOU FOR YOUR SERVICE | KL. 8 |
| ONLY THE BRAVE | KL. 10:20 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 5 - 7:45 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:20 |
| COCO ENSKT TAL | KL. 8 |
| JUSTICE LEAGUE 3D | KL. 8 - 10:40 |
| LITLA VAMPÍRAN ÍSL TAL | KL. 6 |
| THOR:RAGNAROK 2D | KL. 10:40 |



Góða skemmtun í bíó



MAMMA, ÉG ER Á LÍFI
BRÉF OG FRÁSAGNIR ÍSLENSKRA PILTA Í VÍTI HEIMSSTYRJALDAR

Jakob Þór Kristjánsson
Sögur




Kvöldskemmtun Kormáks og Skjaldar fer fram í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


TUDOR RAFGEYMAR
Alltaf öruggt start fyrir kuldann í vetur.
TUDOR High Tech rafgeymar.
Í allar gerðir farartækja.
Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).
Nýjar blýgrindur (3DX) = Lengri ending.
Alveg lokaðir og viðhaldsfríir.
Mikið kaldræsiþol, örugg ræsing í miklum kulda.
Góðir fyrir bíla með miklum aukarafbúnaði.
Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta alla leið.
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is




BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Atvikið á Nile Hilton hótelinu | 18:00 |
| Suburbicon | 17:45 |
| La Chana | 18:00 |
| Listy Do M3 ENG SUB | 20:00 |
| Varnarliðið | 20:00 |
| Rökkur ENG SUB | 20:00 |
| The Party | 22:30 |
| Mother | 22:00 |
| Undir Trénu ENG SUB | 22:15 |




# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 28. NÓVEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Kristinn Sigmundsson og Daníel Þorsteinsson flytja þýska ljóðadagskrá
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Harpa
Í dag flytja þeir Kristinn Sigmundsson bassasöngvari og Daníel Þorsteinsson píanóleikari fallega ljóðadagskrá með verkum eftir þá Wolf, Schubert og Beethoven. Það er ókeypis aðgangur að tónleikunum sem eru í Kúnstpásuröð Íslensku óperunnar.

**Hvað?** Chet Baker and me á Kex
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Böðvar Reynisson syngur, Snorri Sigurðarson leikur á trompet, Agnar Már Magnússon á píanó og Haraldur Ægir Guðmundsson á kontrabassa en hann stendur fyrir verkefninu. Flutt verður tónlist sem Chet Baker hljóðritaði á fyrri hluta ferils síns í bland við tónlist eftir Harald.

**Hvað?** Lúðrasveit verkalýðsins – Kári kveður
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gamla bíó, Ingólfsstræti
Í kvöld mun Kári Húnfjörð Einarsson stjórna Lúðrasveit verkalýðsins í síðasta sinn eftir frábær ár sem stjórnandi sveitarinnar. Ari Bragi Kárason mun leika einleik á tónleikunum, en hann hefur komið áður fram með sveitinni við góðar undirtektir bæði hljómsveitarmeðlima og áhorfenda enda afreksmaður þar á ferð. Dagskrá tónleikanna samanstendur af lögum sem sveitin tengir við góðar stundir undir stjórn Kára undanfarin ár í bland við nýrri verk. Verkin eiga það sameiginlegt að vera í hressari kantinum og koma til með að kveða burt allt heimsins skammdegisþunglyndi. Sérstakir gestir á tónleikunum er SkólaLúðrasveit Seltjarnarness.

### Viðburðir

**Hvað?** Gestagangur í Þverholti: Seetal Solanki
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Þverholti
Seetal Solanki er stofnandi og listrænn stjórnandi Ma-tt-er, sem er hönnunar stúdíó sem rannsakar fortíð, nútíð og framtíð efna. Þau vinna þverfaglega með iðnaðinum og menntastofnunum og leiðbeina og aðstoða við framkvæmd þess að nota sjálfbær efni til að móta framtíðina.

**Hvað?** Hádegisfyrirlestur Sagnfræðingafélagsins – Sólveig Ólafsdóttir
**Hvenær?** 12.05
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Í kvöld flytur Sólveig Ólafsdóttir erindið „Rosenwein og Reddy. Fræðilegar samræður um sögulegar tilfinningar“. Fyrirlesturinn hefst kl. 12.05 og fer fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Þetta er sjötti og næstsíðasti fyrirlestur þessa haustmisseris í röð fyrirlestra sem Sagnfræðingafélag Íslands skipuleggur í samvinnu við Þjóðminjasafnið.

**Hvað?** Kvöldskemmtun Kormáks & Skjaldar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Þjóðleikhúskjallarinn
Sem fyrr munu Hringir sjá um undirspil á meðan sýningin stend-



**Ari Bragi leikur einleik með Lúðrasveit verkalýðsins en í kvöld verða kveðjutónleikar Kára Húnfjörð, stjórnanda sveitarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ur yfir. Hresst og skemmtilegt fólk mun sýna brot af þeim fatnaði sem fæst í Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar og Kvenfataverzlun Kormáks & Skjaldar. Á milli tískusýninga verða tónlistaratriði, uppistand og óvæntar uppákomur í höndum velunnara verzlananna.

**Hvað?** Skyggnilýsingarfundur
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Deiglan, Akureyri
Sue Carrol heldur skyggnilýsingarfund í Deiglunni. Viðburðurinn verður á ensku og aðgangseyrir er 1.600 krónur.

**Hvað?** Kvöldstund með Víkingi í Eldborg
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands stendur fyrir fræðandi og skemmtilegri kvöldstund með Víkingi Heiðari Ólafssyni píanóleikara í Eldborg í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu. Víkingur Heiðar mun fjalla um píanókonsert nr. 24 í c-moll eftir Mozart sem hann flytur ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Dima Slobodeniouk 30. nóvember næstkomandi. Konsertinn verður endurtekinn í Föstudagsröðinni 1. desember en á þeim tónleikum leikur Víkingur einleik og stjórnar hljómsveitinni frá flyglinum rétt eins og tíðkaðist á dögum Mozarts.

# Jóladagatal Borgarbókasafnsins

Borgarbókasafnið ætlar að telja niður til jóla með jóladagatali annað árið í röð og birtist fyrsti hluti þess þann 1. desember. Jóladagatalið verður í formi sögu sem birtist smátt og smátt á hverjum degi fram að jólum.

Í ár er það rithöfundurinn Þórarinn Leifsson sem skrifar söguna en hún nefnist Jósi, Katla og jólasveinarnir og segir hún af vinunum Jósa og Kötlu og samskiptum þeirra við jólasveina.

Jóladagatalið verður hægt að nálgast á heimasíðu Borgarbókasafnsins á hverjum degi í desember fram að aðfangadegi en þá birtist sagan í heild sinni og einnig verður hægt að hlusta á hana í hlaðvarpi Borgarbókasafnsins í lestri höfundar.



**Þórarinn Leifsson er höfundur jóladagatalsins í ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í fyrra var það Sigrún Eldjárn sem sá um dagatalið og nefndist sú saga Varúð, varúð, jólin eru á leiðinni.

Þórarinn hefur sent frá sér barnabækur og skáldsögur auk þess að hafa myndskreytt bæði bækur og blöð. Hann hlaut Barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar árið 2010 fyrir Bókasafn ömmu Huldar og var tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir Maðurinn sem hataði börn árið 2014. – **sþh**









Aðventan með Völu Matt



Nýtt

AÐVENTAN MEÐ VÖLU MATT.
KL. 20:25

Vala Matt. er komin í jólafötin og fer með okkur í ferðalag um undraveröld jólanna eins og henni einni er lagið á aðventunni. Innanhússarkitektar og stílistar sýna okkur það nýjasta í jólaskreytingum, girnilegar og hátíðlegar mataruppskriftir og sálfræðingurinn Erla Björnsdóttir leiðir okkur í gegnum jólaannirnar með bros á vör.

Þrælgott
Þriðjudagskvöld

Fáðu þér áskrift á 365.is



Åsa Larsson

REBECKA MARTINSSON
KL. 20:45

Rebecka Martinsson er snjall lögfræðingur sem snýr aftur heim á æskuslóðir sínar eftir að vinkona hennar deyr við afar grunsamlegar aðstæður. Hörkuspennandi sænskir sakamálaþættir, byggðir á afar vinsælum metsölubókum Åsu Larsson.

BLINDSPOT
KL. 21:35

Skemmtilegir og stórgóðir spennuþættir um hina eitursnjöllu Jane Doe og félaga hennar hjá FBI.



OUTLANDER
KL. 22:20

Magnaðir og sjóðheitir þættir sem fjalla um hjúkrunarkonuna Claire sem ferðaðist aftur í tímann og flæktist í tímalausan ástarþríhyrning.



SEINFELD
ALLA VIRKA DAGA KL. 19:30

Jerry Seinfeld er skemmtilegur uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag.

365.is


# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**06.30** The Middle
**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Teen Titans Go!
**07.45** The Middle
**08.10** Mike & Molly
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Undateable
**10.45** Jamie's 30 Minute Meals
**11.10** Mr. Selfridge
**12.00** Lóa Pind: Bara geðveik
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**15.55** Britain's Got Talent
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Anger Management
**19.55** Kevin Can Wait
**20.25 Aðventan með Völu Matt** Stórgóðir þættir með Völu Matt þar sem við fáum hugmyndir um hvernig við getum haft það notalegt á aðventunni og jólunum. Flottir hönnuðir og einstaklingar gefa okkur hugmyndir að fallegum jólaskreytingum fyrir heimilið. Innanhússarkitekt gefur litaráðgjöf til að mála fyrir jólin. Við sjáum hvernig við getum pakkað inn jólagjöfunum á fallegan og óvenjulegan hátt og skoðum hvernig við getum skreytt jólaborðin.
**20.45 Rebecka Martinsson** Vandaðir nýir sænskir þættir sem eru byggðir á metsölubókum Asu Larsson. Rebecka Martinsson snýr aftur á heimaslóðir eftir dvöl í Stokkhólmi og farsælan feril á þekktri lögmannsstofu. Ástæðan fyrir heimkomunni er andlát æskuvinkonu hennar og við frekari eftirgrennslan kemur í ljós að hún var myrt.
**21.35** Blindspot
**22.20** Outlander
**23.15** Curb Your Enthusiasm
**00.45** Wentworth
**01.40** Nashville
**02.20** The Blacklist: Redemption
**03.05** The Blacklist: Redemption
**03.50** Pharmacy Road
**04.30** Queen Sugar
**05.10** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**08.45** Tottenham - WBA
**10.30** Manch. United - Brighton
**12.10** Liverpool - Chelsea
**13.55** Messan
**15.20** Valencia - Barcelona
**17.00** Spænsku mörkin
**17.30** Football League Show
**18.00** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**18.25** Þýsku mörkin
**18.55** Premier League Review
**19.50** Watford - Manch. United
**22.00** Leicester - Tottenham
**23.40** Brighton - Crystal Palace

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.30** Valur - Haukar
**09.00** Seinni bylgjan
**10.35** Fjölnir - Grótta
**12.05** Valur - Keflavík
**13.30** Barnsley - Leeds United
**15.15** QPR - Brentford
**16.55** Football League Show
**17.25** Manch. United - Brighton
**19.05** Liverpool - Chelsea
**20.50** Messan
**22.15** Þýsku mörkin
**22.45** Premier League Review
**23.40** WBA - Newcastle

## STÖÐ 3

**17.15** Gilmore Girls
**18.00** The Big Bang Theory
**18.30** Fresh off the Boat
**19.00** Modern Family
**19.30** Seinfeld
**19.55** Friends
**20.25** World's Strictest Parents
**21.25** The Last Man on Earth
**21.55** Sleepy Hollow
**22.40** The Strain
**23.20** Flash
**00.50** Killer Women with Piers Morgan
**01.40** Seinfeld
**02.05** Friends
**02.30** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Svampur Sveins
**08.25** Áfram Diego, áfram!
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Ævintýraferðin
**09.37** Hvellur keppnisbíll
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** K3
**10.13** Víkingurinn Viggó
**10.27** Tindur
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Elías
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Svampur Sveins
**12.25** Áfram Diego, áfram!
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.25** Ævintýraferðin
**13.37** Hvellur keppnisbíll
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** K3
**14.11** Víkingurinn Viggó
**14.25** Tindur
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Elías
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Svampur Sveins
**16.25** Áfram Diego, áfram!
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.25** Ævintýraferðin
**17.37** Hvellur keppnisbíll
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** K3
**18.11** Víkingurinn Viggó
**18.25** Tindur
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Elías
**19.00** Lotta í Skarkalagötu



Dóra könnuður kl. 11.00 og 15.00

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Turkish Airlines Open
**12.25** Golfing World
**13.15** The Open Championship
**19.25** Golfing World
**20.15** Nedbank Golf Challenge

## STÖÐ 2 BÍÓ

**13.05** Southside with You
**14.30** An American Girl: Chrissa Stands Strong
**16.00 Steinaldarmennirnir** Frábær gamanmynd fyrir alla fjölskylduna sem gerist árið 2000 fyrir Krist þegar menn fóru um á fótknúnum bílum og svínin sáu um sorpeyðinguna.
**17.30 Southside with You** Stórgóð mynd frá 2016 sem byggð er á sönnum atburðum og gerist um sumarið 1989 þegar verðandi Bandaríkjaforseti, Barack Obama, gerði hosur sínar grænar fyrir framtíðareiginkonu sinni Michelle Robinson í Chicago. Myndin byggist á frásögnum bandarísku forsetahjónanna sjálfra um fyrsta stefnumót þeirra og fyrsta kossinn, en Barack var þá óreyndur lögfræðilærlingur sem Michelle var falið að þjálfa.
**18.55** An American Girl: Chrissa Stands Strong
**20.25** Steinaldarmennirnir
**22.00 Knocked Up** Rómantísk gamanmynd frá 2007 með Katherine Heigl og Seth Rogan. Hún fjallar um ungan mann sem á einnar nætur gaman með stórglæsilegri dömu og kemst svo að því stuttu síðar að hann hefur barnað hana.
**02.00** Empire State
**03.35** Knocked Up

## RÚV

**16.20** Menningin - samantekt
**16.50** Íslendingar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Kata og Mummi
**18.12** Söguhúsið
**18.20** Drekar
**18.43** Skógargengið
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós og Menningin
**20.10** Einfalt með Nigellu
**20.45** Fjandans hommi
**21.15** Kveikur
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Njósnarinn frá London
**23.20** Versalir
**00.15** Kastljós og Menningin
**00.35** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.30** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show
**09.45** The Late Late Show
**10.25** Síminn + Spotify
**13.20** Dr. Phil
**14.00** Extra Gear
**14.25** Top Chef
**15.10** Life in Pieces
**15.35** Survivor
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.10** How I Met Your Mother
**17.35** Dr. Phil
**18.20** The Tonight Show
**19.05** The Late Late Show
**19.55** Föst í fátækt
**20.20** Ilmurinn úr eldhúsinu
**21.00** This is Us
**21.50** Salvation
**22.35** Difficult People
**23.05** The Tonight Show
**23.45** The Late Late Show
**01.10** The Good Fight
**01.55** Wisdom of the Crowd
**02.40** Law & Order True Crime: The Menendez Murders
**03.25** Better Things
**03.55** This is Us

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




## **Hlaðnir** þægindum

- √ 19" álfelgur
- √ Íslenskt leiðsögukerfi
- √ Vetrarpakki
- √ Leðursæti með rafmagni
- √ Panorama þak
- √ Stærri vélin, 180hps
- √ Til í mörgum litum

VERÐ KR.

**6.490**

ÞÚSUND

Nývirði um **8.190** þús.

### **Komið** og reynsluakið

Allir bílar í ábyrgð og nýkomnir úr þjónustueftirliti - Allt að 90% fjármögnun

Til í ýmsum litum - Skoðum með uppítöku á öllum gerðum bifreiða

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*



Díana prinsessa var fyrsta eiginkona Karls Bretaprins. Hún var tvítug þegar hún giftist Karli, árið 1981. Þau voru gift til ársins 1996. Díana og Karl eignuðust tvö börn, Vilhjálm og hinn nýtrúlofaða Harry.



Meghan Markle og Harry hafa átt í ástarsambandi síðan í júní í fyrra. Þau munu ganga í það heilaga næsta vor.



Katrín Middleton kynntist Vilhjálmi prins árið 2001 í St. Andrews háskólanum í Skotlandi. Þau voru í sambandi með hléum í um áratug áður en þau giftu sig árið 2011. Þau eiga tvö börn og það þriðja er á leiðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þau giftust inn í konungsfjölskyldu







Breska konungsfjölskyldan tilkynnti í gær að Harry Bretaprins og bandaríska leikkonan Meghan Markle væru trúlofuð. Meghan mun þá næsta vor giftast inn í konungsfjölskylduna. Meðfylgjandi er samantekt um nokkra einstaklinga sem sögðu skilið við venjulegan lífsstíl og giftu sig inn í konungsfjölskyldur.



Daníel Westling er eiginmaður Viktoríu, krónprinsessu Svíþjóðar. Þau kynntust þegar hann var ráðinn einkaþjálfari hennar. Þau hafa verið gift síðan árið 2010 og eiga saman tvö börn. NORDICPHOTOS/GETTY



Masako Owada kynntist japanska krónprinsinum Naruhito árið 1986, þá var hún háskólanemi. Það tók prinsinn þrjár tilraunir áður en hann fékk „já“ frá henni við bónorði. Þau giftu sig árið 1993 og eiga saman eina dóttur.



Kvikmyndastjarnan Grace Kelly giftist Rainier fursta af Mónakó árið 1956. Þau eignuðust þrjú börn saman.



María Elísabet Donaldson kynntist Friðriki krónprins Dana í Sydney árið 2010. Hann kynnti sig sem „Fred“ og sagði henni seinna að hann væri prins. Þau giftu sig árið 2004 og eiga saman fjögur börn.



Silvía Svíadrottning kynntist eiginmanni sínum, Karli Gústafi, árið 1972 á Ólympíuleikunum í München. Þar var hún að störfum sem túlkur. Silvía og Karl gengu í hjónaband árið 1976 og eiga saman þrjú börn.



Fyrrverandi fréttakonan Letizia Ortiz Rocasolano varð spænsk prinsessa þegar hún giftist Filippusi Spánarprins árið 2004. Í dag er Letizia Spánardrottning þar sem Filuppus tók við völdum af föður sínum árið 2014.




wagner

ÞÝSK HÖNNUN · EINSTÖK GÆÐI



**ERGO MEDIC**
Frá 169.900
**Nú 135.920**
Höfuðpúðar seldir sér



**WAGNER SÓFABORÐ**
VERÐ 252.000
**NÚ 212.800**



**ALUMEDIC**
Frá 196.900
**Nú 157.520**
Höfuðpúðar seldir sér

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS
Elís Þór Rafnsson
sjúkraþjálfari

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

# Hirzlan

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
www.hirzlan.is

MYNDFORM GRAFÍK














Kulturzentrum Faust – Þýskalandi.


Café Concert – Frakklandi.


Gaskessel – Sviss.

# Skjalfestir klósettaðstöðu rokkara um Evrópu


Garaje Beat Club – Spáni.


Bi Nuu – Þýskalandi.


Jungle Club – Þýskalandi.


Hard Club – Portúgal.


Legend Club – Ítalíu.


Petit Bain – Frakklandi.


Le Port – Frakklandi.


Backstage – Þýskalandi.

**Gunnar Ben**, hljómborðsleikari í þungarokkshljómsveitinni Skálmöld, er nýkominn heim eftir mánaðar túr með bandinu. Hann tók myndir af klósettaðstöðunni sem þeim var boðið upp á.

Aðstaðan var almennt séð alveg þokkaleg. Það var helst að tónleikastaðir í Austur-Evrópu væru helst til nýtnir á seturnar. Ég veit ekki hvort ég treysti mér að tilnefnda besta staðinn en það var góð aðstaða víða í Frakklandi þar sem var ró og næði og snyrtilegheit,“ segir Gunnar Ben, tónlistarmaður í Skálmöld.

Skálmöld er nýkomin heim eftir mánaðar túr um Evrópu þar sem spilað var um allar trissur nánast á hverju kvöldi. Gunnar tók út klósettaðstöðuna þar sem þeir spiluðu og segir að aðstaða rokkaranna hafi víða verið í lagi en þar sem hún var í ólagi – þar var vont að vera.

„Þegar maður kemst á klósett eftir langt ferðalag og oft hrikalegt mataræði þá liggur stundum allt til sýnis á floti í klósettinu og stundum óþægilega ofarlega ef vatnsstaðan er þannig. Það hefur komið fyrir að menn hafa lent í klípu og jafnvel blotnað við þannig aðstöðu.



Það er tvennt sem er verst. Það er þegar vantar setuna og pappírinn. Þegar það vantar þessa sjálfsögðu hluti.

Á Legend Club í Mílanó þurfti nánast að bakka inn, plássleysið var slíkt. Maður gerði sitt og þurfti að taka servéttu með, fyrir utan að það var ekki einu sinni vaskur.“

Hann segir að Ísland sé svolítið sér á báti þegar kemur að aðstöðu. Ísland er pínu skrýtið því það er ekki mikið baksviðsrými almennt. Ísland er ekki í þessum pakka að hljómsveitir koma á hádegi og fá jafnvel mat og maður er á klúbbnum allan daginn. Jafnvel er kvöldverður líka með. Á Íslandi er yfirleitt ekki klósett og sturta baksviðs – hvað þá veitingar.“

Gunnar gengur þó glaður frá túrnum enda hafi gengið vel og jafnvel framar björtustu vonum. „Það voru margir mættir til að hlusta á okkur, menn og konur mættu merkt í gömlu Skálmaldarbolunum sínum og við upplifðum góðan byr og gott bakland,“ segir hann og hlær.

Eftir mánaðar túr um Evrópu er komið að Skálmöld að spila á Íslandi en langt er síðan hljómsveitin spilaði síðast hérlendis. Á laugardag verða Aðventutónleikar andskotans þar sem Dimma slær einnig í rokkklárinn. „Við erum alveg svakalega vel æfðir þessa dagana eftir túrinn og það er gott að spila þá á Íslandi. Við höfum verið að tala um að taka gigg saman og erum spenntir. Við erum að spila oft á sömu stöðum en aldrei saman þannig það var kominn tími á þetta samstarf.“

**benediktboas@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS



# JÓLA TÓNLEIKAR

## SINFÓNÍUNNAR

**16. & 17. DESEMBER**
14:00 & 16:00

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Á þessum hátíðlegu tónleikum hljóma sígildar jólaperlur í bland við klassísk jólaævintýri og grípandi hljómsveitartónlist.

Með hljómsveitinni kemur fram fjöldi góðra gesta. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson og kynnir er trúðurinn Barbara. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Telmu Tómasson




## Ljósberinn í hjartanu

Desember er mörgum erfiður mánuður. Myrkrið umlykur, dagsbirtan skammvinn. Fram undan er jólahátíð, hjartans bjartasti tími ársins. Þó ekki fyrir alla, því andstæðurnar hvítt og svart leika lausum hala. Á bak við hástemmuna fela sig erfiðu stundirnar, sorg, áföll, horfnir ástvinir, mistök fortíðar, helvíti fíknilífs, andnauð fátæktar. Svo fátt eitt sé nefnt.

Vinabandið var fléttað á menntaskólaárunum. Hún var fágætt eintak af manneskju, myndarlega stúlkan. Mjúk í fasi, með blik í auga og greindarlegt enni, þar kom enginn að tómum kofanum. Lífsglöð gekk hún áfram veginn og hitti á köldu vetrarkvöldi ókunnugan mann. Þau horfðu hvort á annað, örlögin ráðin. Og eilífð ástarinnar var innsigluð í nýju lífi. Unga konan fæddi fallega barnið, var vinsæl og vinamörg, yfirburða í leik og starfi. En ský dró fyrir sólu, henni var ætlað annað og stærra. Skarpgreinda stúlkan með hnausþykka hárið, vinkonan ljúfa, fór alltof fljótt.

Það var kalsaveður og illt í sjó daginn sem dísin kvaddi jarðvistina, tók hörpu sína og snerti strengi á nýjum stað. Við vorum óhuggandi, söknuðum daglega og tárin streymdu. En einhvern veginn hélt jörðin áfram að snúast, árstíðir komu og fóru, árin liðu hjá. Smám saman rofaði til, með tímanum kom hlýjan og ljósið sem hreiðraði um sig hið innra, minningin sem aldrei hverfur. Stúlkan góða varð ljósberinn minn.

Lokaðu nú augunum, lesandi góður, andaðu djúpt og hugsaðu ljós. Hvað sérðu? Sól á himni, ástina þína, bros barnanna, föður og móður, vinina góðu, frið á jörðu, útbreiddan faðm, frelsi í fjallasal? Hugsaðu. Hver er þinn ljósberi? Hlustaðu. Hann er í hjartanu.

Og allt verður bjartara.








